



**BORGARALEGAR HJÓNAVÍGSLUR
Í SAMANBURÐI VIÐ
VÍGSLUR Á VEGUM TRÚFÉLAGA**

Hulda Katrín Stefánsdóttir

2010

BA í lögfræði

Höfundur: Hulda Katrín Stefánsdóttir

Kennitala: 170981-4999

Leiðbeinandi: Dögg Pálsdóttir hrl.

Lagadeild

School of Law

Útdráttur:

Hér er leitað svara við því hvort framkvæmdareglur sýslumannsembætta, þegar kemur að borgaralegri hjónavígslu, leiði af sér ólögmæta mismunun samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hjónaefni sem hana kjósa samanborið við hjónaefni sem kjósa vígslu á vegum þjóðkirkjunnar eða annarra trúfélaga. Sum sýslumannsembætti gefa hjónaefni einungis saman á virkum dögum á opnunartíma skrifstofu og sömuleiðis getur hjónavígsla einungis farið fram á skrifstofu embættanna. Afleiðingar þessa eru að hjónaefni sem kjósa vígslu á vegum þessara sýslumannsembætta eiga ekki kost á að vígjast lögformlega frammi fyrir fjölskyldu og vinum á frídegi í samræmi við rótgróna menningarlega hefð. Niðurstaða höfundar er að ekki sé um ólögmæta mismunun að ræða.

Könnun um framkvæmd borgaralegra hjónavígslna var send til allra sýslumannsembætta landsins. Niðurstöður sýna sveigjanleika hjá flestum embættum þegar kemur að vígslutíma og vígslustað en þrjú embætti skera sig þar úr. Einnig var fjallað um aðrar leiðir í lagasetningu sem ekki hafa þennan aðstöðumun í för með sér á milli hjónaefna sem kjósa annars vegar borgaralega vígslu og hins vegar vígslu á vegum trúfélaga.

Í ritgerðinni er fjallað um mannréttindaákvæði sem vernda rétt karla og kvenna á hjúskaparaldri til að stofna til hjúskapar. Einnig er umfjöllun um íslenskar réttarreglur um hjónavígsluna, hjónavígslumenn, vígsluskyldu og vígsluheimild, framkvæmd vígslu, skilyrði fyrir réttaráhrifum og eftirfarandi staðfestingu.

Abstract:

This thesis seeks to answer the question if the policies of the offices of district magistrates concerning civil marriages lead to illegitimate discrimination according to article 65 of the constitution no. 33/1944 against couples who choose civil marriage. Some of the district magistrates only marry couples on workdays, during office hours and only at their office. The consequences of this are that couples who choose civil marriage at those offices cannot marry legally in front of their families and friends on a holiday in conformity with an ingrained cultural tradition. The conclusion is that there is not an illegitimate discrimination against those couples.

A survey concerning the praxis of civil marriage ceremonies was sent to all the offices of district magistrates. The outcome of the survey show that most offices of district magistrates are flexible when it comes to time and place for the ceremony. There is coverage about other options in legislation which do not lead to this disadvantage between couples who choose civil marriage and couples who choose to marry at the established church or some other sect.

There is a coverage concerning human right provisions which protect the right of men and women to marry. There is also a coverage concerning Icelandic laws which govern the marriage ceremony, who can legally marry couples, when they are obliged to marry and when they are allowed, the transaction of the ceremony, the requirements for judicial effects and subsequent validation.

Efnisyfirlit.

I.	Inngangur.....	4
II.	Réttarsaga.....	6
1.	Inngangsorð.....	6
2.1.	Franska leiðin, einungis borgaraleg hjúskaparstofnun.....	7
2.2	Enska leiðin, val um borgaralega eða kirkjulega hjúskaparstofnun.	7
2.3	Norræna leiðin, borgaraleg vígsla ef hjón voru ekki í ríkiskirkjunni.....	8
2.4	Nánar um íslenskan rétt.	9
2.5	Önnur lönd.....	9
III.	Réttur karla og kvenna á hjúskaparaldri til að giftast.	11
1.	Inngangsorð.....	11
2.	71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.....	11
3.	12. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.....	12
4.	Sáttmálar og yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.....	14
4.1	16. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.	14
IV.	Íslenskar réttarreglur um hjónavígslu.	17
1.	Inngangsorð.....	17
2.	Hjónavígslumenn.	17
2.1.	Borgaralegir vígslumenn.	17
2.2	Kirkjuleg hjónavígsla.	19
2.3.	Sérstakt hæfi vígslumanna.....	21
3.	Vígsluheimild og vígsluskylda.	22
4.	Vígslustaður og vígslutími.....	24
5.	Hjónavígsla, skilyrði fyrir réttaráhrifum og eftirfarandi staðfesting.....	24
5.1.	Undanfari vígslu, skyldur vígslumanns.....	25
5.2.	Forsendur gildi hjónavígslu að lögum.....	26
5.3.	Eftirfarandi staðfesting hjónavígslu.	28
V.	Framkvæmd borgaralegrar hjónavígslu og rannsóknarefni.	28
1.	Inngangsorð.....	28
2.	Könnun á framkvæmd borgaralegrar vígslu á Íslandi.	29
2.2	Önnur atriði um framkvæmd borgaralegrar hjónavígslu.	34
2.3.	Framkvæmd hjónavígslu á vegum trúfélaga.	34
3.	Er um ólögmetna mismunun að ræða?	35

3.1	Ólögmæt mismunun samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar.....	35
3.2	Jafnræðisregla stjórnsýslulaga.....	40
4.	Lausnir sem ekki fela í sér nefndan aðstöðumun.....	42
4.1	Franska leiðin, einungis borgaraleg vígsla hefur réttaráhrif.....	42
4.2	Norska leiðin, athafnastjórar lífskoðanafélaga sem lögmætir hjónavígslumenn.....	43
4.3	Gjaldtökuheimild fyrir borgaralega vígslu utan skrifstofutíma og skrifstofu. 44	
VI.	Lokaorð og niðurstaða	45
VII.	Heimildaskrá	47
VIII.	Dómaskrá	51
Viðauki 1	52

I. Inngangur.

Stofnun fjölskyldu verður með ýmsum hætti í þjóðfélögum nútímans en lengst af varð fjölskylda til samhliða stofnun hjúskapar á milli karls og konu. Réttur karla og kvenna til að stofna til hjúskapar er hluti af grundvallarmannréttindum fólks og viðurkenndur sem slíkur í stjórnarskrám ríkja og í fjölda alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Hjúskaparstofnun hefur í för með sér réttaráhrif að lögum, það er bæði réttindi og skyldur fyrir hjónaefni gagnvart hvort öðru og öðrum. Hjúskaparstofnun eða gifting er hins vegar ekki einungis borgaralegur löggerningur með tilheyrandi réttaráhrifum. Giftingarathöfnin er í flestum tilfellum einnig félagsleg athöfn sem hefur tilfinningalegt gildi þar sem hjónaefni gefa hvort öðru það heit að lifa lífinu saman í blíðu og stríðu, þar til dauðinn aðskilur. Í íslensku samfélagi og flestum öðrum er það rótgróin menningarleg hefð að hjónaefni gefist hvort öðru frammi fyrir vinum og vandamönnum á frídegi við hátíðlega athöfn. Hjúskaparstofnunin og þar með þessi athöfn hefur lengst af verið tengd trúarbrögðum, í okkar samfélagi kristninni. Á 18. og 19. öld varð borgaraleg hjúskaparstofnun lögleidd í flestum ríkjum Evrópu, hér á landi árið 1886.

Efni þessarar ritgerðar er hjónavígsluathöfnin sjálf með áherslu á borgaralega hjónavígslu. Fjallað verður um réttarreglur um hjónavígslumenn, vígsluheimild eða skyldu, hjónavígsluathöfnina sjálfa, forsendur fyrir gildi hennar og eftirfarandi staðfestingu. Einnig verður fjallað um réttarsöguleg atriði varðandi stofnunarmáta hjúskapar hér á landi og erlendis að nokkru leyti í gegnum söguna. Fjallað verður um þau mannréttindi karla og kvenna á hjúskaparaldri að stofna hjúskap. Ekki verður fjallað sérstaklega um staðfesta samvist tveggja samkynja einstaklinga samanber lög nr. 87/1996.

Réttarreglur um hjónavígslu heyra undir hjúskaparrétt sem er einn hluti sifjaréttar en sifjaréttur heyrir undir einkarétt. Sifjaréttur samanstendur af barnarétti annars vegar og hjúskapar- og sambúðarrétti hins vegar.

Sum sýslumannsembætti bjóða ekki upp á hjónavígslu nema á skrifstofu sinni og á skrifstofutíma, það er að degi til á virkum dögum. Af þessu leiðir að þör sem kjósa borgaralega hjónavígslu hjá þessum embættum eiga ekki jafnan kost á því að stofna hjúskap sinn lögformlega frammi fyrir sínu fólki, á frídegi, á við þau þör sem kjósa hjónavígslu á vegum þjóðkirkjunnar og skráðra trúfélaga. Að þessu leyti er

aðstöðumunur á milli hjónaefna eftir því hvort þau kjósa borgaralega hjónavígslu eða vígslu á vegum trúfélaga. Þessar framkvæmdareglur sýslumannsembættanna eru fyllilega í samræmi við almenn lög, það er hjúskaparlög nr. 31 frá 1993.

Hér verður leitast við að svara því hvort sá aðstöðumunur eða mismunur sem er afleiðing þessara framkvæmdareglna sé ólögmæt mismunur samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 1944.

Einnig verður fjallað um mögulegar leiðir í kringum framkvæmd borgaralegra vígslna sem hafa ekki í för með sér þessa mismunur. Þessum leiðum verður gerð skil í kafla 4 í V. þætti ritgerðarinnar.

Til að fá gleggri mynd af framkvæmd borgarlegra hjónavígslna var send könnun um framkvæmd borgaralegra hjónavígslna á öll sýslumannsembætti landsins. Svör fengust frá öllum embættum og þeim verður gerð skil í kafla 2 í V. þætti.

II. Réttarsaga.

1. Inngangsorð.

Hér verður fjallað um hvernig hjúskapur hefur stofnast í gegnum tíðina með áherslu á tilkomu borgaralegrar hjúskaparstofnunar.

Í germönskum og rómverskum rétti stofnaðist hjúskapur með veraldlegum samningi hjónaefna eða samningum ættingja þeirra eða annarra forráðamanna.¹ Í ákvæði Grágásar um stofnun hjúskapar er fjallað um samningsmál hjóna. Samkvæmt þeim er ekki þörf á þjónustu goða til að hjúskapur stofnaðist á milli hjónaefna.² Það er ekki fyrir en með kristnirétti Árna biskups, árið 1274, að þörf er á þjónustu prests, að einhverju leyti, svo hjónavígsla teldist lögmæt.³ Hér varð þjónusta prests nauðsynlegur þáttur í hjónavígsluathöfn við siðaskiptalöggjöfina en ákvæði kirkjuskipunar árið 1537 mæltu svo fyrir.⁴

Eftir lagabreytingar í kjölfar siðaskiptalöggjafarinnar varð hjónavígslan órjúfa tengd kirkjunni um langt skeið. Eina leið fólks til að stofna til löglegs hjúskapar var með því að leita á náðir ríkiskirkjunnar. Væru hjónaefni annarrar trúar var þeim nauðugur sá kostur að „búa í synd“ sem þá var refsivert, samanber 179. gr. almennra hegningarlaga frá 1869, um hneykslanlega sambúð.⁵ Löggjöf hélst þannig til ársins 1886 en þá varð borgaraleg hjónavígsla löglegur stofnunarmáti hjúskapar með lögum um utanþjóðkirkjumenn nr. 4/1886 en samkvæmt 1. gr. þeirra laga var hún einungis heimil hjónaefnum þar sem annað eða bæði voru utan þjóðkirkjunnar.

Þessi aðstaða var sannarlega ekki einsdæmi á Íslandi. Svipaðar réttarreglur um hjúskaparstofnun voru við lýði í flestum ríkjum Evrópu. Á þessum tíma ríkti mikil trúarnauðung í álfunni og því áttu minnihlutahópar í trúarefnum í vök að verjast.⁶ Í mannréttindabaráttu átjándu og níttjándu aldar varð baráttan fyrir trúfrelsi ein af stóru kröfunum. Í henni fólst að hverjum og einum væri frjálst að iðka þá trú sem hann vildi og að menn skyldu ekki missa borgaraleg réttindi vegna trúar sinnar.⁷ Krafan um að

¹ Ármann Snævarr, „Um borgaralegt hjónaband“. Í Eggert Óskarsson (ritstj.), *Afmælisrit Guðmundar Inga Sigurðssonar, áttæður 16. júní 2002*. Reykjavík 2002, bls. 260.

² Sama heimild, bls. 260.

³ Sama heimild, bls. 260.

⁴ Sama heimild, bls. 260, og Ármann Snævarr, „Hjúskaparstofnun og hjónavígsla“. Í Helgi Magnússon (ritstj.), *Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum, 20. febrúar 2001*. Reykjavík 2001, bls. 35.

⁵ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík 2008, bls. 283.

⁶ Ármann Snævarr, „Um borgaralegt hjónaband“, bls. 260.

⁷ Sama heimild, bls. 260.

hjúskaparstofnun væri ekki einskorðuð við hjónavígslu á vegum ríkiskirkjunnar varð ein af mikilvægustu kröfum baráttunnar fyrir trúfrelsi. Menn gerðu sér ljóst að það væru borgaraleg mannréttindi fólks að stofna til hjúskapar og að eignast fjölskyldu.⁸

Trúfrelsisbaráttunni óx fiskur um hrygg á 18. og 19. öld sem leiddi til ýmissa réttarbóta varðandi hjúskaparstofnun. Talið er að borgaraleg hjónavígsla hafi fyrst verið lögleidd árið 1580 í tveimur fylkjum í Hollandi og loks í landinu öllu árið 1659. Borgaralegar hjónavígslur urðu útbreiddar í Evrópu á 18. og 19. öld. Með borgaralegri hjónavígslu gátu hjónaefni sem ekki áttu samleið með ríkiskirkjunni stofnað til hjúskapar á lögsmætan hátt án aðkomu hennar.⁹

Hér verður fjallað nánar um þrjár leiðir sem farnar voru í Evrópu til að lögleiða borgaralega hjúskaparstofnun.

2.1. Franska leiðin, einungis borgaraleg hjúskaparstofnun.

Af þessum þremur leiðum sem farnar voru gekk sú franska lengst. Árið 1804 var lögfest í *Code civil* að borgaraleg hjónavígsla væri eina viðurkennda leiðin sem lögsmætur stofnunarháttur hjúskapar. Hjón gátu eftir borgaralega hjónavígslu leitað til prests til að fá blessun en engar lögfylgjur fylgdu henni.¹⁰

Franska leiðin varð fordæmi að löggjöf í mörgum ríkjum í Mið-Evrópu.¹¹ Réttarreglur um stofnun hjúskapar í Frakklandi og ýmsum öðrum ríkjum eru enn í dag með þessu móti, samanber umfjöllun í kafla 4.1. í V. þætti.

2.2 Enska leiðin, val um borgaralega eða kirkjulega hjúskaparstofnun.

Nokkuð sérstakar reglur giltu lengi vel um stofnun hjónabands samkvæmt breskum venjurétti en um það giltu reglur kirkjuréttar þar sem hjónaband gat stofnast svo til án formsatriða.¹² Samkvæmt kirkjuréttinum og þar með venjuréttinum gat hjúskapur stofnast með eftirfarandi hætti. Annars vegar einfaldlega með hjúskaparyfirlýsingu hjónaefna sem mælt var í nútíð. Prestur þurfti ekki að vera viðstaddur heldur gátu

⁸ Sama heimild, bls. 260.

⁹ Sama heimild, bls. 261.

¹⁰ Sama heimild, bls. 262.

¹¹ Sama heimild, bls. 262.

¹² Cretney, S.M og Masson, J.M. *Principles of Family Law*, 6. ed. London 1997, bls. 11.

vitni verið hver sem er. Hins vegar með hjúskaparyfirlýsingu sem mælt var í framtíð og með eftirfarandi kynmökum.¹³

Þessi svonefndu venjuréttar-hjónabönd höfðu í för með sér ýmis vandkvæði. Til dæmis gat hjúskapur stofnast í hita augnabliksins og skuldbindingum, sem af honum leiddi, var hugsanlega haldið uppi mörgum árum seinna. Þessi stofnunarmáti hjúskapar var lögmætur fram til gildistöku *Lord Hardwicke's Act*, árið 1753. Samkvæmt þeim skyldi hjúskaparstofnun fara fram í kirkju annars hjónaefnis í nærveru prests og tveggja vitna.¹⁴

Í Skotlandi hélt þessi stofnunarmáti gildi til 1940 og enn eru einhver réttaráhrif tengd við venjuréttarhjónabönd í sumum ríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku.¹⁵

Borgaraleg hjúskaparstofnun var lögleidd í Englandi árið 1836 en upp frá því gat fólk valið um hvort það vildi ganga í hjúskap hjá ríkiskirkjunni eða hjá veraldlegum vígslumanni. Þessi lagastefna hafði áhrif á löggjöf í Skotland, Írlandi, ýmsum ríkjum Bandaríkjanna og víðar.¹⁶

2.3 Norræna leiðin, borgaraleg vígsla ef hjón voru ekki í ríkiskirkjunni.

Á fyrri hluta 19. aldar hófust umræður um borgaralegt hjónaband á Norðurlöndum. Ítök kirkjunnar manna voru mikil á þessum tíma. Þar af leiðandi var og því var ekki farin sama leið og í *Code civil*, samanber umfjöllun í kafla 2.1. Sömuleiðis þótti ekki tækt að hafa það valkvætt hvort fólk vildi giftast borgaralega eða kirkjulega líkt og gert var í Englandi. Niðurstaðan varð sú að lögleiða borgaralega hjónavígslu fyrir fólk sem stóð utan ríkiskirkjunnar.¹⁷ Borgaralega vígslan var lögleidd í þessari mynd í Noregi árið 1845, í Danmörku árið 1851, í Svíþjóð árið 1863 og á Íslandi árið 1886.¹⁸

Síðar varð þróunin sú að hjónaefnum var frjálst að velja á milli borgaralegrar og kirkjulegrar vígslu að fordæmi Breta. Svíar riðu á vaðið árið 1908, Íslendingar árið 1917, Norðmenn árið 1918 og síðastir voru Danir árið 1922.¹⁹

¹³ Sama heimild, bls. 12.

¹⁴ Sama heimild, bls. 13-14.

¹⁵ Sama heimild, bls. 12.

¹⁶ Ármann Snævarr, „Um borgaralegt hjónaband“, bls. 262.

¹⁷ Sama heimild, bls. 264.

¹⁸ Sama heimild, bls. 264.

¹⁹ Sama heimild, bls. 264-265.

2.4 Nánar um íslenskan rétt.

Hér á landi var ákvæði um trúarbragðafrelsi tekið upp í 47. gr. stjórnarskrárinnar árið 1874. Ákvæðið kvað á um að enginn skyldi missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum vegna trúarbragða sinna. Í framhaldinu varð nauðsynlegt að rétta stöðu þeirra sem stóðu utan þjóðkirkjunnar þegar kom að hjúskaparstofnun.²⁰

Frumvarp um borgaralegt hjónaband var fyrst lagt fram á Alþingi árið 1877. Annað frumvarp var lagt fram árið 1885 en þau fengu nokkurn mótbyr og voru rökin fyrir því að þau væru óþörf.²¹ Borgaralegt hjónaband var lögfest með lögum frá Alþingi nr. 8/1886 en þau heimiluðu fólki utan þjóðkirkju að stofna til hjúskapar frammi fyrir veraldlegum valdsmanni. Í framhaldinu voru settar nánari reglur um framkvæmd hennar með auglýsingu númer 25 frá 31. maí 1890, samanber Stjórnartíðindi 1890. Heimild þessi var svo rýmkuð og varð fullkomlega valkvæð með lögum nr. 30/1917. Með því að borgaralegt hjónaband varð heimilt öllum varð fyrirheit það sem gefið var í 47. gr. stjórnarskrárinnar árið 1874, það er trúfrelsisákvæðinu, uppfyllt.²²

2.5 Önnur lönd.

Þegar litið er til réttarpróunar í öðrum löndum er þróunin sem varð í Rússlandi eftir byltinguna 1917, síðar Sovétríkjunum, mjög áhugaverð. Með lögum frá 1918 urðu réttaráhrif kirkjulegrar hjónavígslu engin og einungis var hægt að stofna hjúskap frammi fyrir borgaralegum embættismanni.²³ Byltingarmenn höfðu mjög róttækar skoðanir á eðli og hlutverki fjölskyldunnar og hjónabandsins sem stofnunar í samfélaginu. Í stuttu máli töldu þeir hjúskapinn vera veraldlegan samning milli karls og konu sem ríkið ætti ekki að hafa nein afskipti af með lagaboðum eða öðru.²⁴

Árið 1926 var lögum í rússnesku borgarlögbókinni breytt á þann veg að skráning samvista varð ekki skilyrði fyrir lögmæti þeirra eða almennum réttaráhrifum. Þannig hafði *de facto* sambúð sömu réttaráhrif og skráð hjónaband og var þannig rætt um *de facto* hjónabönd. Fólk gat þó skráð samvistina opinberlega en tilgangur þess var einungis að sanna sambúðina, það er *de facto* hjónabandið. Samkvæmt sömu lögum varð einhliða tilkynning annars makans til hins um skilnað eina skilyrði til að

²⁰ Frv. til laga um stofnun borgaralegs hjónabands [...]. Alptíð 1877, I 605.

²¹ Alþingistíðindi 1877, I: 608-619.

²² Nefndarálit um frv. til laga um stofnun hjónabands, þskj. 266. Alpt. 1917, 28. lögb. A: 419.

²³ Wardle, Lynn D., „The "Withering Away" of Marriage: Some Lessons from the Bolshevik Family Law Reforms in Russia, 1917-1926“. *The Georgetown Journal of Law & Public Policy*. Sumar 2004, bls. 473.

²⁴ Sama heimild, bls. 476.

skilnaður væri löglegur, það er *de facto* skilnaður. Tilgangurinn með þessu var að afnema hjónabandið sem stofnun í samfélaginu í samræmi við hugmyndafræði bolsévíka.²⁵

Árið 1944 var þessum reglum breytt með þeim rökstuðningi að treysta þyrfti fjölskylduna sem stofnun. Horfið var frá því að *de facto* hjónabönd hefðu réttaráhrif og skráning hjúskapar í opinbera skrá varð forsenda fyrir gildi hans.²⁶ Einungis borgaraleg vígsla hefur réttaráhrif í Rússlandi í dag og í þeim ríkjum þar sem rússneskra áhrifa gætir í ríkjum mæli.²⁷

²⁵ Sama heimild, bls. 484.

²⁶ Sama heimild, bls. 474.

²⁷ Antokolskaia, Maria V. „The New Aspects of Russian Family Law“. *California Western International Law Journal*. Haust 2000, bls. 24., og Ármann Snævarr, „Um borgaralegt hjónaband“, bls. 260.

III. Réttur karla og kvenna á hjúskaparaldri til að giftast.

1. Inngangsorð.

Rétturinn til að giftast og stofna fjölskyldu er hluti af grundvallarmannréttindum hvernar manneskju. Hér verður hugað að þeim mannréttindaákvæðum sem vernda þennan rétt fólks. Þau er að finna í stjórnarskrá Íslands, Mannréttindasáttmála Evrópu og ýmsum alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem íslenska ríkið er bundið af samkvæmt þjóðarétti. Sum ákvæðanna eru efnismeiri en svo að kveða einungis á um „réttinn til hjúskaparstofnunar“ en hér verður einungis fjallað um kjarna réttarins til hjúskaparstofnunar.

2. 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 1944 hljóðar svo: „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.“ Ákvæðið kom inn í stjórnarskrána með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 og leysti af hólmi þáverandi 66. gr. stjórnarskrárinnar. Það ákvæði kvað einungis á um friðhelgi heimilisins og setti rannsóknaraðgerðum stjórnvalda ákveðnar skorður. Hæstiréttur hafði þó áður kveðið upp dóma þar sem staðfest var að einkalíf manna og æra nytu verndar samkvæmt grundvallarreglum laga um þagnarvernd einkalífsins, samanber H. 159/1968.²⁸

Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins. sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. kemur fram að ákvæðið um friðhelgi fjölskyldunnar verndi réttinn til að stofna fjölskyldu.²⁹ Þó svo að ekki standi berum orðum í stjórnarskrárákvæðinu, né greinargerðinni, að rétturinn til hjúskaparstofnunar tilheyri grundvallarmannréttindum er það talið felast í tilgreiningu ákvæðisins á „fjölskyldu“ í niðurlagi þess.³⁰ Ef skerða á friðhelgi fjölskyldunnar að þessu leyti, það er réttinn til hjúskaparstofnunar, er því ljóst að skýr lagaheimild verður að liggja því til grundvallar.³¹

Í 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. megi með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt en segir í 2. mgr. friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Talið er að

²⁸ Björg Thorarensen, „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“. Í Björg Thorarensen (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 329.

²⁹ Frumvarp til stjórnskipunarlaga. Þskj. 389, 297. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Slóð: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html>. [Sótt á vefinn 21.4.10.]

³⁰ Gunnar G. Schram. *Stjórnskipunarréttur. 2. útg.* Reykjavík 1999, bls. 540.

³¹ Frumvarp til stjórnskipunarlaga. Þskj. 389, 297. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Slóð: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html>. [Sótt á vefinn 21.4.10.]

sjónarmið um að réttindi barna krefjist afskipta af heimilis- og fjölskyldulífi séu helst það sem réttlætt geta takmarkanir á grundvelli þessa ákvæðis.³²

3. 12. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Sáttmálinn, sem heitir fullu nafni Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (*Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms*) var undirritaður í Róm þann 4. nóvember 1950 á vettvangi Evrópuráðsins (*Council of Europe*). Ísland varð aðili að Evrópuráðinu þann 7. mars 1950.³³ Mannréttinda-sáttmálinn var undirritaður af Íslands hálfu þann 4. nóvember 1950 og fullgiltur 19. júní 1953, samanber auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11, 9. febrúar 1954. Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE) var veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994.

Ísland er því bundið af sáttmálanum að þjóðarétti en hann hefur einnig stöðu almennra laga hér á landi. Ýmis sérsjónarmið gilda um þýðingu hans sem réttarheimildar sem mótast hafa í dómaframkvæmd Hæstaréttar. Þar ber helst að nefna að ákvæði sáttmálans eru ráðandi við skýringu á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Sú skýring gengur mun lengra en almenna reglan um að skýra beri lög í samræmi við þjóðréttarreglur sem ríkið er bundið af þar sem sú regla á almennt bara við skýringu ákvæða almennra laga og stjórnvaldsfyrirmæla en ekki um skýringu ákvæða stjórnarskrár. Sérstaða laga nr. 62/1994 er sú að þau geyma ákvæði sem njóta stjórnskipulegrar réttarverndar.³⁴

Í 12. gr. MSE er fjallað um réttinn til að stofna til hjúskapar. Ákvæðið hljóðar svo:

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

³² Sama heimild.

³³ Davíð Þór Björgvinsson, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. Í Björg Thorarensen (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 30.

³⁴ Davíð Þór Björgvinsson, „Beiting Hæstaréttar Íslands á lögnum um Mannréttindasáttmála Evrópu“. *Tímarit lögfræðinga* 2003 (4), bls. 370.

Ákvæði 16. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, samanber umfjöllun í kafla 4.1., er að nokkru leyti fyrirmynd að 12. gr. MSE. Efni 12. gr. MSE er þó þrengra en 16. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar.³⁵

12. gr. MSE verndar réttinn til að koma á því ákveðna lögformlega sambandi sem hjúskapur er. Vernd 12. gr. takmarkast, samkvæmd orðanna hljóðan, við fólk á hjúskaparaldri. Ekkert takmörkunarákvæði er í 12. gr. en í ákvæðinu er hins vegar vísað til landslaga aðildarríkjanna. Af því leiðir að aðildarríkin hafa víðtækar heimildir til að setja réttarreglur um skilyrði hjúskapar og réttaráhrif hans.³⁶ Engar lágmarkskröfur um lagasetningu eða framkvæmdareglur eru settar fram í ákvæðinu né viðmiðanir um efni þeirra. Einungis er vísað til landsréttar um setningu þessara reglna, það er reglur um framkvæmd hjónavígslu, hjónavígslumenn og hjónavígsluskilyrði.³⁷ Þó er ljóst að ákvæðið setur aðildarríkjum sáttmálans nokkrar skorður um efni landslaga að þessu leyti. Aðildarríkin verða að grunni til að virða réttinn til hjúskaparstofnunar. Einnig verður að lesa 12. gr. með hliðsjón af öðrum ákvæðum MSE og þá sérstaklega með hliðsjón af 14. gr. sáttmálans. Í 14. gr. er lagt bann við ómálefnalegri mismunum. Einnig verður að hafa hliðsjón af meðalhófsreglunni við skýringu 12. gr.³⁸

Í málinu *X gegn Þýskalandi* fyrir Mannréttindanefnd Evrópu kvartaði kærandi yfir því að hjónavígsla sem hann hafði sjálfur framkvæmt, í samræmi við ákvæði Mósebókar Gamla testamentsins, væri ekki viðurkennd af þýskum stjórnvöldum sem gild hjónavígsla. Samkvæmt þýskri löggjöf þurfti hjúskapur að vera skráður hjá stjórnvöldum til að öðlast gildi samkvæmt lögum en kærandi taldi það brjóta gegn ákvæðum 12. gr. MSE. Nefndin taldi þýska löggjöf vera innan þeirra marka sem 12. gr. setur aðildarríkjum enda var um dæmigert fyrirkomulag að ræða þar sem landslög setja formleg skilyrði fyrir því að hjúskapur teljist vera stofnaður fyrir lögum.³⁹

³⁵ Björg Thorarensen, „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 324, og Ármann Snævarr, „Fjölskylda og fjölskyldulíf í ljósi 8. og 12. gr. mannréttindasáttmála Evrópu“. Í Katrín Jónasdóttir o.fl. (ritstj.), *Afmælisrit Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1944*. Reykjavík 1994, bls. 74.

³⁶ Björg Thorarensen, „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 324.

³⁷ Sama heimild, bls. 324, og Ármann Snævarr, „Fjölskylda og fjölskyldulíf í ljósi 8. og 12. gr. MSE“, bls. 74.

³⁸ Björg Thorarensen, „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 324-325. Ármann Snævarr, „Fjölskylda og fjölskyldulíf í ljósi 8. og 12. gr. MSE“, bls. 74.

³⁹ Ákvörðun MNE frá 18. desember 1974 í máli nr. 6167/73.

Af orðanna hljóðan er ljóst að ákvæðið gildir einungis um hjúskap á milli karls og konu. Í máli *Christine Goodwin gegn Bretlandi*, árið 2002, reyndi á hvort það bryti á rétti kæranda, samkvæmt ákvæðinu, að Bretland neitaði honum um að skrá breytt kyn á fæðingarvottorð sitt svo hjúskapur hans uppfyllti það skilyrði að vera á milli karls og konu. Niðurstaða dómsins var sú að þetta væri brot gegn friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans (friðhelgi einkalífs og fjölskyldu) og rétti til að ganga í hjónaband samkvæmt 12. gr.⁴⁰ Þessi niðurstaða fór þvert gegn fyrri niðurstöðum dómstólsins í sambærilegum málum.⁴¹

Í ákvörðun Mannréttindanefndarinnar í máli *C. og L.M. gegn Bretlandi* frá 1989 var því slegið föstu að 12. gr. verndaði ekki rétt samkynhneigðra til að stofna hjúskap þar sem ákvæðið er berum orðum takmarkað við hjúskap karls og konu.⁴²

4. Sáttmálar og yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (SP) hafa margar yfirlýsingar og sáttmálar um mannréttindi verið samþykkt enda er verndun mannréttinda eitt af grundvallarmarkmiðum samtakanna samkvæmt 3. mgr. 1. gr. stofnsáttmála þeirra. Í 55. og 56. gr. sáttmála SP er fjallað um hlutverk samtakanna við að tryggja framgang og virðingu fyrir mannréttindum og hlutverk aðildarríkjanna í því starfi. Ísland gerðist aðildarríki að SP þann 19. nóvember 1946.

Réttur karla og kvenna til hjúskaparstofnunar er verndaður í 1. mgr. 16. gr. Mannréttindayfirlýsingar SP, 10. gr. Samningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og 23. gr. Samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Hér verður ekki fjallað ítarlega um þessi ákvæði enda er fyrst og fremst verið að kanna hvers eðlis þær skyldur eru sem ákvæðin leggja á aðildarríkin. Fjallað verður um kjarna réttarins til hjúskaparstofnunar út frá 16. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar.

4.1 16. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttindayfirlýsingu SP var samþykkt á Allsherjarþingi SP hinn 10. desember 1948 með ályktun allsherjarþingsins nr. 217 (III). Samþykkt yfirlýsingarinnar markaði

⁴⁰ Dómur MDE frá 11. júlí 2002. RJD 2002-VI.

⁴¹ Björg Thorarensen, „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 327.

⁴² Ákvörðun MNE frá 9. október 1989 í máli nr. 14753/89.

mikil tímamót í samvinnu þjóða um mannréttindamál þar sem hún markaði endalok þeirra kenninga að mannréttindi væru einungis innanríkismál.⁴³

Ályktanir Allsherjarpingsins teljast til „mjúkra laga“ (*soft law*) að þjóðarétti. Slíkar réttarheimildir eru ekki formlega bindandi en hafa þó beint eða óbeint áhrif á þjóðarétt.⁴⁴ Því hefur reyndar oft verið haldið fram að efni yfirlýsingarinnar hafi með tímanum þróast í þá átt að vera bindandi þjóðaréttarskyldur. Því til stuðnings hefur verið bent á að ákvæði yfirlýsingarinnar séu ætluð til fyllingar 55. og 56. gr. stofnsáttmála SP. Einnig hafi fjölmörg réttindi í yfirlýsingunni fest sig í sessi sem bindandi þjóðaréttarvenjur í ljósi framkvæmda ríkja um vernd þessara sömu réttinda. Þannig telst réttur karla og kvenna á hjúskaparaldri til hjúskaparstofnunar vera sjálfstæð venjuhelguð regla að þjóðarétti⁴⁵ Þessi réttur er þó ekki talinn hafa stöðu *ius cogens* reglna að þjóðarrétti en það eru reglur sem binda öll ríki veraldar.⁴⁶

Í 1. mgr. 16. gr. yfirlýsingarinnar er í fyrsta sinn kveðið á um rétt karla og kvenna á hjúskaparaldri til að ganga í hjónaband.⁴⁷ Ákvæðið hljóðar svo:

16. grein

1. Fulltíða konur og karlar hafa rétt til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Þau skulu njóta jafnréttis við stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu.

Efni þessa ákvæðis er mun víðtækara en efnistöð þessarar ritgerðar. Hér verður einungis fjallað um sjálfan réttinn til hjúskaparstofnunar og þær skyldur sem hann leggur á ríki.

Réttur karla og kvenna til hjúskaparstofnunar leggur bæði jákvæðar og neikvæðar skyldur á aðildarríki, það er bæði skyldur til athafna og athafnaleysis. Neikvæðar

⁴³ Björg Thorarensen og Pétur Leifsson, *Kaflar úr þjóðarétti. Handrit til kennslu. 2. útg.* Reykjavík 2005, bls. 23. Alfreðsson, Guðmundur, og Eide, Asbjörn, „Introduction“. Í Asbjörn Eide og Guðmundur Alfreðsson (ritstj.) *The Universal Declaration of Human Rights. A Common standard of Achievement.* Hollandi 1999, bls. xxxi.

⁴⁴ Björg Thorarensen og Pétur Leifsson, *Kaflar úr þjóðarétti. Handrit til kennslu. 2. útg.*, bls. 23.

⁴⁵ Eriksson, Maja Kirilova. *The Right to Marry and to Found a Family.* Uppsali 1990, bls. 191.

⁴⁶ Sama heimild, bls. 191.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 189.

skyldur að því leyti að ríki mega ekki draga úr réttinum til hjúskaparstofnunar á almennan hátt með mismunun eða of ströngum hjúskaparskilyrðum sem ganga of nálægt kjarna réttarins. Þær jákvæðu skyldur sem ríki hafa vegna þessa ákvæðis eru tvenns konar. Annars vegar að vernda réttinn til hjúskaparstofnunar fyrir afskiptum þriðja aðila (til dæmis foreldra), það er jákvæð skylda einkaréttarlegs eðlis. Hins vegar hefur ríkið þá jákvæðu skyldu að gera hjúskapinn að stofnun að lögum, með því að skapa hjúskapnum lagaumhverfi sem skilgreinir þetta samband karls og konu og kveður nánar um réttindi þau og skyldur sem af hjúskapnum leiða.⁴⁸

Rétturinn til hjúskaparstofnunar þýðir hins vegar auðvitað ekki að allir einstaklingar á hjúskaparaldri hafi einstaklingsbundinn rétt til að giftast öðrum einstaklingi á hjúskaparaldri án hans samþykkis. Fullt og frjálst samþykki beggja einstaklinganna er ávallt skilyrði og því er þessi réttur samhverfur.⁴⁹

Ekki er ástæða til að álykta að þau mannréttindaákvæði sem hér hefur verið fjallað um leggi nokkra skyldu á ríki um það hvar, hvenær eða hvernig hjónavígsla skuli framkvæmd.

⁴⁸ Lagoutte, Stéphanie and Árnason, Ágúst Thór. „Article 16“, *The Universal Declaration of Human Rights. A common standard of achievements*, bls. 328, og Erikson, Maja Kirilova. *The right to Marry and to Found a Family*, bls. 190.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 190.

IV. Íslenskar réttarreglur um hjónavígslu.

1. Inngangsorð.

Hér verður lýst þeim réttarreglum sem gilda um framkvæmd hjónavígslunnar. Fjallað verður um vígslumenn, vígsluskyldu og -heimild, vígslustaði, tíma vígslu og loks vígsluathöfnina sjálfa. Einnig verður fjallað um forsendur fyrir gildi hjónavígslu og eftirfarandi staðfestingu, leiki vafi á gildi vígslunnar að lögum. Ekki verður þó fjallað um gildi fjölþjóðlegan einkamálarétt né sérstakar reglur þegar íslenskur vígslumaður vígir hjónaefni erlendis eða öfugt.

Þó svo að umfjöllun um könnun hjónavígsluskilyrðanna og efnisleg umfjöllun um þau falli utan efnistaka ritgerðarinnar er rétt að minnst á nokkur atriði þessu tengd, samhengisins vegna. Könnun skilyrðanna þjónar þeim tilgangi að sannreyna að hjónaefni uppfylli þau. Löggildir hjónavígslumenn gera þá könnun samkvæmt 14. gr. hjl. en um könnunina gilda ákvæði III. kafla hjl. og reglugerð nr. 326/1996, samanber 87/2001 og 179/2005. Könnunarvottorð er forsenda hjónavígslu samanber 15. gr. hjl. með þeirri undantekningu að sé annað hjónaefna eða bæði alvarlega sjúk má hjónavígsla fara fram án könnunar. Hjónavígsla skal fara fram innan 30 daga frá dagsetningu könnunarvottorðs sbr 1. mgr. 15. gr. hjl.

2. Hjónavígslumenn.

Samkvæmt 16. gr. hjl. eru lögmætir hjónavígslumenn í fyrsta lagi borgaralegir vígslumenn, í öðru lagi prestar þjóðkirkjunnar og í þriðja lagi forstöðumenn skráðra trúfélaga sem hafa vígsluheimild eða aðrir löggiltir starfsmenn þeirra.

2.1. Borgaralegir vígslumenn.

2.1.1. Ákvæði 18. gr. hjl.

Borgaralegir vígslumenn eru sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra samanber 18. gr. hjl. Áður fyrr, eða samkvæmt hjl. frá 1972, voru yfirborgardómari og borgardómarar í Reykjavík einnig vígslumenn og var vígslan þá stjórnarsýsluathöfn en ekki dómsathöfn.⁵⁰

⁵⁰ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 289.

Sýslumenn eru lögmætir vígslumenn í umdæmi sínu og einnig allir löglærðir fulltrúar sem eru með embættis- eða meistaraþróf og ekki þarf sérstaka löggildingu til starfans.⁵¹

Borgaralegir vígslumenn eru lögmætir hjónavígslumenn innan sinna umdæmismarkna. Til dæmis er sýslumaðurinn á Akureyri ekki lögmætur til að framkvæma hjónavígslu í Vestmanneyjum. Hjónavígslan verður þó ekki ógild sé hún framkvæmd af vígslumanni sem fer út fyrir sitt umdæmi, samanber umfjöllun í kafla 4. Þó kann að vera að hjónavígslumaðurinn þyrfti að sæta einhvers konar viðurlögum.⁵² Áður fyrr löggilti dómsmálaráðuneytið vígslumenn í ákveðnum tilvikum til að framkvæma einstaka hjónavígslu utan lögsagnarumdæmis vígslumannsins, eða „ad hoc“ löggildingu, en það hefur ekki verið gert í einhvern tíma.⁵³

2.1.2. Íslenskir sendiráðsstarfsmenn með diplómátíska stöðu, 19. gr. hjl.

Samkvæmt 19. gr. hjl. gætu starfsmenn Íslenskra sendiráða erlendis, sem hafa diplómátíska stöðu, verið lögmætir hjónavígslumenn erlendis. Utanríkisráðuneytið skal að höfðu samráði við dóms- og mannréttindaráðuneyti setja reglur um þessa heimild Íslenskra diplómata en þessar reglur hafa ekki enn verið settar þrátt fyrir að heimild þessi hafi verið í lögum frá 1972, samanber 2. mgr. 19. gr. hjl., nr. 60/1972. Þar af leiðir að enginn Íslenskur diplómat hefur fengið löggildingu sem hjónavígslumaður samkvæmt þessari heimild.⁵⁴

2.1.3 Ákvæði 20. gr. hjl., erlendir sendiráðsstarfsmenn á íslenskri grund.

Ákvæðið er gagnkvæmisákvæði, samanber 1. mgr. 19. gr. og 4. mgr. 17. gr. Það heimilar að erlendir prestar eða sendiráðsmenn erlendra ríkja hér á landi, með diplómátíska stöðu, séu lögmætir vígslumenn í þeim tilfellum þar sem að minnsta kosti annað hjónaefna er ríkisborgari viðkomandi lands.

Í ákvæðinu er átt við sendiráðspresta enda er ólíklegt að aðrir prestar yrðu sendir hingað opinberlega á vegum erlendra ríkja. Útsendir ræðismenn sendiráða á Íslandi geta verið vígslumenn skv. 20. gr. Í reynd er ávallt tilgreint hverjir þessir menn eru með tilkynningu til utanríkisráðuneytisins frá erlenda ríkinu. Vígsluheimildin er

⁵¹ Sama heimild, bls. 289.

⁵² Sama heimild, bls. 308. Lára V. Júlíusdóttir, *Hjúskapur. Stofnun og slit. Réttindi og skyldur. Bráðabirgðaútgáfa til kennslu*. Reykjavík 2001, bls. 33.

⁵³ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 289.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 290.

samkvæmt orðanna hljóðan bundin við þá starfsmenn sem hafa diplómatíska stöðu.⁵⁵

2.1.4 Skipstjórar og aðrir.

Skipstjórar eru ekki lögmætir hjónavígslumenn samkvæmt íslenskum lögum og hafa aldrei verið.⁵⁶

2.2 Kirkjuleg hjónavígsla.

Í 17. gr. hjl. er fjallað um vígslumenn hérlendra trúfélaga en 20. gr. fjallar um vígsluheimild erlendra sendiráðspresta eins og áður hefur verið nefnt.

2.2.1 Þjóðkirkjuprestar.

Prestar þeir sem lög um skipan prestakalla og fleira, nr. 78/1997, fjalla um eru löggildir vígslumenn samkvæmt 2. mgr. 17. gr. en í þessum lögum eru ákvæði um ýmsa flokka presta.

Með vísan til 2. mgr. 17. gr. hjl. eru allir vígðir starfandi prestar lögmætir hjónavígslumenn og á það líka við um biskup og vígslubiskupa. Hins vegar eru stöður biskupsritara og forstöðumanns fræðslu- og þjónustudeildar þjóðkirkju ekki stöður starfandi presta og því eru þeir sem gegna þessum embættum ekki lögmætir vígslumenn. Þeir gætu hins vegar verið fyrrverandi sóknarprestar, samanber 3. mgr. 17. gr. sem fjallað verður um á eftir, og verið lögmætir vígslumenn samkvæmt skilyrðum þess ákvæðis.⁵⁷

2.2.2. Prestar sem starfa með Íslendingum erlendis.

Ákvæði 1. mgr. og 4. mgr. 17. gr. hjl. veita prestum sem starfa með Íslendingum erlendis vígsluheimild. Skilja má 4. mgr. sem svo að dóms- og mannréttindaráðuneytið geti veitt prestum almenna löggildingu sem hjónavígslumenn á erlendri grundu og einnig *ad hoc* löggildingu.⁵⁸

2.2.3. Fyrrverandi þjóðkirkjuprestar.

Í H. 33/1967 taldi meirihluti Hæstaréttar það vera venjuhelgaða réttarreglu að fyrrverandi sóknarprestar þjóðkirkjunnar gætu löglega gefið saman hjón.

⁵⁵ Sama heimild, bls. 291-292.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 292.

⁵⁷ Sama heimild, bls. 293-294.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 294.

Í 3. mgr. 17. gr. hjl. er fjallað um þessa stöðu en samkvæmt því getur þjóðkirkjuprestur sem látið hefur af embætti gefið saman hjón. Samkvæmt ákvæðinu þarf hann heimild frá tilteknum öðrum presti þjóðkirkjunnar sem gefur út könnunarvottorð og ábyrgist færslu vígslunnar í kirkjubók og skýrsluskil. Könnunarvottorð frá öðrum prestum en þeim sem heimilar vígsluna eru ófullnægjandi í þessum tilfellum.⁵⁹

Fyrirverandi forstöðumenn skráðra trúfélaga eru ekki lögmætir vígslumenn en í því felst mismunur sem áhugavert væri að athuga nánar samanber ummæli við 16. gr. í greinargerð með frumvarpi til hjl. 1972. Fyrirverandi sýslumenn eða fyrirverandi löglærðir sýslumannsfulltrúar eru ekki lögmætir vígslumenn.⁶⁰

Heimildin er einskorðuð við þá presta „sem látið hafa af embætti að eigin ósk eða samkvæmt ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna“ samanber ummæli í greinargerð við 17. gr. frumvarps til nógildandi hjl.⁶¹ Samkvæmt gagnályktun frá þessum ummælum í greinargerð eru prestar sem biskup hefur vikið úr embætti ekki lögmætir vígslumenn.

Prestur sem látið hefur af starfi framkvæmir opinbert starf þegar hann vígir hjónaefni samkvæmt 3. mgr. 17. gr. og því fylgir almenn embættisábyrgð. Hinn fyrirverandi sóknarprestur gæti orðið ábyrgur samkvæmt refsilögum vegna vígslunnar. Alltaf skal bóka hverju sinni að umboð starfandi, nafngreinds prests liggja fyrir.⁶²

Ef fyrirverandi þjóðkirkjuprestur hefði ekki heimild starfandi sóknarprestis væri uppi vafi um lögmæti hjónavígslunnar því forsendan fyrir vígsluheimild hans er leyfi frá starfandi presti. Þá væri skynsamlegt að óska eftir eftirfarandi staðfestingu vígslunnar samkvæmt 2. mgr. 25. gr.⁶³

⁵⁹ Sama heimild, bls. 296.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 296. Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 40, 39. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/92/s/pdf/0040.pdf>. [Sótt á vefinn: 25.4.2010.]

⁶¹ Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 369, 273. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0369.html>. [Sótt á vefinn: 23.3.2010.]

⁶² Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 297.

⁶³ Sama heimild, bls. 297

2.2.4 Forstöðumenn skráðra trúfélaga.

Prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga hér á landi eru lögmætir hjónavígslumenn samkvæmt 1. mgr. 17. gr. hjl. Um trúfélög gilda lög nr. 108/1999. Skráð trúfélög á Íslandi eru nú 32.⁶⁴

Í 1. mgr. 17. gr. hjl. er tiltekið að prestar þessara safnaða og forstöðumenn þeirra geti verið lögmætir vígslumenn en þeir verða að hafa fengið löggildingu dóms- og mannréttindaráðuneytis sem hjónavígslumenn. Ekki er skilyrði að starfsmenn safnaðanna séu nefndir prestar því þeir geta borið önnur starfsheiti og má þar til dæmis nefna goða Ásatrúarfélagsins. Löggilding ráðuneytisins er bundin við þann einstakling, starfsmann trúfélagsins, sem löggiltur er sem hjónavígslumaður, samanber athugasemd við 17. gr. frumvarps til hjl. 1993.⁶⁵ Eftir að starfsmaðurinn lætur af starfi sínu hjá trúfélaginu er hann ekki lengur lögmætur vígslumaður þar sem 3. mgr. 17. gr. hjl. á einungis við um fyrrverandi sóknarpresta þjóðkirkjunnar, samanber fyrri umfjöllun.

2.3. Sérstakt hæfi vígslumanna.

Skyldleiki, einnig kjörsifjar, eða tengdir vígslumanns við hjónaefni gera hann ekki vanhæfan til að gera könnun á hjónavígsluskilyrðunum eða til að gefa saman hjón samkvæmt 21. gr. hjl. Greinin var nýmæli í hjl. 1993 en rétt þótti að lögfesta þessa venjureglu.⁶⁶

Hjónavígsla er stjórnsluathöfn og er ekki sérstaklega undanskilin gildissviði stjórnslulaga nr. 37/1993 og því gilda þau lög um störf vígslumanns almennt. Þá kemur til athugunar hvernig hæfisreglur stjórnslulaga, það er 3. gr. þeirra, samræmist 21. gr. hjl. Hjúskaparlög tóku gildi þann 1. júlí 1993 en stjórnslulög tóku gildi þann 1. janúar 1994. Samkvæmt lögskýringarreglunni *lex posterior* skulu yngri lög gilda framar eldri lögum.⁶⁷ Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. ssl. skulu ákvæði annarra laga sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en ssl. halda gildi sínu og samkvæmt gagnályktun skulu því önnur lagaákvæði sem mæla fyrir um lakari málsmeðferðarreglur missa gildi sitt. Þannig má færa rök fyrir því að telja

⁶⁴ Vefsíða dóms- og mannréttindaráðuneytisins, <http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/kirkjumal/upplýsingar//nr/795>. [Sótt á vefinn: 25.4.2010.]

⁶⁵ Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 369, 273. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/116/s/0369.html>. [Sótt á vefinn: 25.4.2010.]

⁶⁶ Sama heimild.

⁶⁷ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*. Reykjavík 2008, bls. 228-229.

hjúskaparlög vera sérlæg þar sem stjórnarsýslulög eru almenn lög og samkvæmt reglunni *lex specialis* skulu sérlæg gilda frammar almennum lögum.⁶⁸ Þeir stjórnarsýslugerningar sem hjl. fjalla um byggja hins vegar algerlega á lögskráðum reglum og svigrúm til mats er þar takmarkað. Hæfisregla hjl. er rótgróin og hefði það verið vilji löggjafans að ákvæðið missti gildi sitt við gildistöku ssl. má ætla að það hefði verið tekið fram í 2. gr. ssl. eða greinargerð með ákvæðinu. Lítil hætta er á því að „ómálefnaleg sjónarmið“ 2. mgr. 3. gr. ssl. hafi áhrif á ákvarðanir vígslumanns. Í ritinu *Hjúskapar- og sambúðarréttur* telur Ármann Snævarr 21. gr. hjl. vera sérreglu og halda gildi sínu, enda „*kunnugt um að svo hafi verið litið á í lagaframkvæmd*“.⁶⁹

Þó verður að telja að leiki mikill vafi á því að hjónaefni fullnægi hjónavígsluskilyrðunum ætti vígslumaður sem er í þeim tengslum við hjónaefni sem 21. gr. mælir um ekki að framkvæma vígsluna. Þetta sama gildir jafnvel þó svo að könnunartottorðið hafi verið gefið út af öðrum vígslumanni því samkvæmt 3. mgr. 15. gr. hjl. skal vígslumaður ekki vígja hjónaefni, sé hann grandsamur um annmarka, þó svo að könnunartottorð liggja fyrir.⁷⁰

3. Vígsluheimild og vígsluskylda.

Öll hjónaefni, sem á annað borð fullnægja hjónavígsluskilyrðunum, eiga rétt á borgaralegri hjónavígslu samanber 22. gr. hjl og svo hefur verið frá lögum nr. 30/1917, samanber umfjöllun í kafla 2.4 í II. þætti. Hjónaefni eiga rétt á borgaralegri vígslu í því umdæmi sem þau kjósa og þurfa ekki að eiga lögheimili í umdæmi sýslumannsembættisins sem þau leita til.⁷¹

Öðru máli kann hins vegar að gegna um kirkjulega hjónavígslu. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. hjl. getur dóms- og mannréttindaráðuneytið, að fengnum tillögum biskups, sett reglur um hvenær prestum sé annars vegar skylt að vígja hjón og hins vegar hvenær þeim er það heimilt. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 16. gr. hjl. frá 1972.⁷² Þessar reglur hafa ekki verið settar. Dæmi um slíka reglusetningu gæti verið að binda vígsluskyldu þjóðkirkjupresta við að annað hjónaefna sé skráð í þjóðkirkjuna. Samkvæmt 15. gr. I. nr. 60/1972 var kirkjuleg hjónavígsla heimil innan þjóðkirkjunnar

⁶⁸ Sama heimild, bls. 225.

⁶⁹ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 300.

⁷⁰ Sama heimild, bls. 300.

⁷¹ Sama heimild, bls. 289.

⁷² Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 369, 273. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0369.html>. [Sótt á vefinn: 25.4.2010.]

ef annað hjónaefna tilheyrði henni. Hægt væri að gagnálykta frá þessari grein að prestum hafi verið óheimilt að vígja hjónaefni sem bæði voru utan þjóðkirkju en allavega er ljóst að prestum var það ekki skylt. Athygli vekur hins vegar að löggjafanum þótti ekki ástæða til að halda í þessa reglu.⁷³ Samkvæmt 29. gr. hjúskaparlaga nr. 39/1921 var prestur einungis skyldugur til að vígja hjón ef annað hjónaefna var sóknarbarn hans. Prestum er nú hins vegar heimilt að vígja hjón hvort sem þau eru skráð í hans eigin sókn eða ekki.⁷⁴

Raunhæft gildi reglna samkvæmt 2. mgr. 22. gr. hjl. er fyrst og fremst að það heimilar að settar séu reglur sem veita prestum heimild til að synja hjónaefnum um vígslu ef það færi gegn siðferðis skoðunum, samvisku og sannfæringu viðkomandi prests að vígja þau, til dæmis ef annað hjónaefna væri fráskilið.⁷⁵

Þegar litið er til almennra viðhorfa hér á landi og réttarvenja, er samt sem áður rétt að stíga varlega til jarðar ef slík reglusetning stæði fyrir dyrum. Góð og gild rök eru fyrir því að það séu almenn borgararéttindi að eiga kost á kirkjulegri hjónavígslu á vegum þjóðkirkjunnar.⁷⁶

Sýslumönnum og löglærðum fulltrúum þeirra er skylt að staðfesta samvist tveggja samkynja einstaklinga sem þess óska, uppfylli þeir hinir sömu hjúskaparskilyrðin, samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist. Fram að gildistöku laga nr. 55/2008 var þessum vígslumönnum einum heimilt, og skylt, að staðfesta samvist. Eftir gildistöku laga nr. 55/2008 er prestum þjóðkirkjunnar og vígslumönnum skráðra trúfélaga heimilt að staðfesta samvist samkynja einstaklinga en þeim er það ekki skylt.

Eins og fram kemur í athugasemd við 2. mgr. 22. gr. hjl. í frumvarpi til þeirra væri unnt að skjóta synjun prests um hjónavígslu til úrlausnar dóms- og mannréttindaráðuneytisins og myndi ráðuneytið venju samkvæmt leita álits biskups um málið.⁷⁷

⁷³ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 301.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 301.

⁷⁵ Sama heimild, bls. 301.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 301-302.

⁷⁷ Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 369, 273. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0369.html>. [Sótt á vefinn: 23.3.2010.]

Skráð trúfélög ráða því sjálf hvort þau setja reglur um hvenær þeirra hjónavígslumönnum er skylt eða heimilt að vígja hjónaefni og hvers efnis þær yrðu.

4. Vígslustaður og vígslutími.

Ákvæði 23. gr. hjl. fjallar um hvar hjónavígsla getur farið fram. Borgaraleg hjónavígsla fer fram á skrifstofu vígslumanns, það er á skrifstofu sýslumannsembættisins, nema vígslumaður og hjónaefni semji um annan vígslustað. Í kafla 2. í V. þætti verður fjallað um hvernig þessu er háttáð hjá sýslumannsembættunum nú um stundir.

Á samsvarandi hátt kveður 2. mgr. 23. gr. hjl. á um að kirkjuleg, það er trúarleg, hjónavígsla fari fram í kirkju (eða safnaðarheimili skráðs trúfélags) nema vígslumaður og hjónaefni semji um aðra staðsetningu. Algengast er að vígslur á vegum þjóðkirkjunnar fari fram í kirkju.⁷⁸

Um tímasetningu hjónavígslu er hvergi fjallað í lögnum en af 23. gr. má álykta að það sé einnig efni sem vígslumaður og hjónaefni geti komið sér saman um. Einnig verður ályktað að almenna reglan yrði sú að vígsla skuli fara fram á almennum vinnutíma vígslumanns. Almennur vinnutími borgaralegra vígslumanna er almennur skrifstofutími en vinnutími kirkjulegra vígslumanna er annar þar sem vinna þeirra fer að hluta til fram um helgar.

5. Hjónavígsla, skilyrði fyrir réttaráhrifum og eftirfarandi staðfesting.

Réttarreglur um framkvæmd hjónavígsluathafnarinnar, um gildi hennar að lögum og eftirfarandi staðfestingu, ásamt færslu í embættisbók og skýrsluskilum vegna hennar eru í 24. til 26. gr. hjl. Þessar reglur gilda jafnt um borgaralega vígslu og vígslu á vegum trúfélaga.

Helgisiðir og aðrar siðvenjur við athöfnina sjálfa eru mismunandi en þeir skipta engu máli um borgaralegt gildi hennar.⁷⁹ Vert er að benda á að í 2. mgr. 26. gr. hjl. kemur sérstalega fram að ákvæði laganna um hjónavígsluathöfnina gilda um vígslu sem prestur eða starfsmaður skráðs trúfélags framkvæmir. Einnig segir að heimilt sé að öðru leyti að viðhafa þá helgisiði sem reglur og venjur trúfélagsins segja til um.

⁷⁸ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls 302.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 303.

5.1. Undanfari vígslu, skyldur vígslumanns.

Hér verður fjallað um skyldur vígslumanns fyrir hjónavígsluna sjálfa. Gilt könnunarvottorð verður að vera til staðar og það má ekki vera eldra en 30 daga gamalt. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. hjl. leggur þá skyldu á vígslumann að synja hjónaefnum um vígslu ef hann er grandsamur um meinbugi á ráðahagnum hvort sem gilt könnunarvottorð liggur fyrir eða ekki. Ákvæðið leggur þó ekki þá skyldu á vígslumann að hann rannsaki mál sérstaklega, heldur leggur þá skyldu á hann að framkvæma ekki vígsluna ef hann veit um einhverja meinbugi. Hjónaefnin gætu í slíku tilviki lagt fram gögn um að hjúskapartálminn sem vígslumaðurinn telur að sé til staðar, sé það í raun ekki.⁸⁰

Vígslumaður skal einnig taka á móti svaramannavottorði sem skal fylgja könnunarvottorði. Ef vígslumaður er beðinn um að vígja hjónaefni án undangenginnar könnunar, vegna veikinda hjónaefnis, samanber heimild 2. mgr. 15. gr. hjl. skal vígslumaður fara fram á afhendingu læknisvottorðs sem staðfestir þau veikindi sem borið er við.⁸¹

Vígslumaður getur lent í þeirri aðstöðu að vita um atvik sem geta verið ógildingarástæða hjónabandsins þó svo atvikin séu ekki hjónavígslutálmi. Vígslumanni ber ótvírætt að neita að framkvæma vígslu ef aðstæður eru þannig að annað hjónaefna er til dæmis viti sínu fjær eða getur ekki gefið marktækt samþykki við vígsluna til dæmis vegna neyslu áfengis eða annarra vímuefna, samanber 1. tl. 28. gr. hjl. Vígslumanni ber einnig að synja hjónaefnum vígslu ef greinilegt er að annað hjónaefna er neytt til að vígjast, samanber 4. tl. 28. gr. hjl., og sömuleiðis ef annað hjónaefnanna er augljóslega í rangri trú um hvert hitt hjónaefnið er, samanber 2. tl. 28. gr., eða ef hjónaefni telur augljóslega að um annars konar athöfn sé að ræða en hjónavígslu. Hins vegar verður að telja að vígslumanni sé ekki skylt að upplýsa hjónaefni um atriði sem gætu verið ógildingaratvik þó þau séu ekki hjónavígslutálmar, atriði varðandi hitt hjónaefnið sem gætu fælt grandlausa hjónaefnið frá hjúskapnum. Vígslumanni er ekki skylt að athuga vitneskju verðandi maka um þessi atriði en honum er það þó heimilt.⁸²

⁸⁰ Sama heimild, bls. 304.

⁸¹ Sama heimild, bls. 304.

⁸² Sama heimild, bls. 304.

5.2. Forsendur gildi hjónavígslu að lögum.

Um framkvæmd sjálftrar hjónavígsluathafnarinnar gilda ákvæði 24. gr. hjl. Hins vegar fjallar 1. mgr. 25. gr. um forsendur fyrir því að hjónavígsla sé gild. Samkvæmt því lagaákvæði er hjónavígsla gild hafi lögmætur vígslumaður framkvæmt hana að því tilskyldu að hann hafi gætt þeirra reglna sem um getur í 2. mgr. 24. gr. Ljóst er að forsendur fyrir því að hjónavígsla teljist gild að lögum eru tæmandi taldar í 1. mgr. 25. gr., samanber 2. mgr. 24. gr. hjl.

Í 1. mgr. 24. gr. hjl. er boðið að vígsla skuli framkvæmast í viðurvist tveggja vitna, hið minnsta. Vitnin geta hins vegar verið fleiri og þurfa ekki að vera svaramenn samanber 3. mgr. 13. gr. hjl. Ekki er fjallað um hæfiskröfur til vitnanna í 24. gr. hjl. en þau þurfa að uppfylla skilyrði um almennt votthæfi samanber 51. gr. einkamálalaga nr. 91/1991. Tengsl við hjónaefni valda ekki vanhæfi. Vitnin þurfa að vera viðstödd þá þætti hjónavígslunnar sem 2. mgr. 24. gr. hjl. tiltekur. Hjónavígslan verður hins vegar ekki marklaus né verður hjúskapurinn ógildur þó svo að engin vitni séu til staðar enda vísar 1. mgr. 25. gr. til 2. mgr. 24. gr. um forsendur fyrir gildri hjónavígslu en ákvæðið um vitnin er í 1. mgr. 24. gr. Vígslumaður myndi hins vegar gerast sekur um vanrækslu í starfi ef hann framkvæmdi vígslu án viðurvistar tveggja vitna.⁸³

Forsendur fyrir gildri hjónavígslu eru taldar upp í 1. mgr. 25. gr., samanber 2. mgr. 24. gr. hjl. Þetta ákvæði er reist á því lagaviðhorfi að mikilvægt sé að láta ekki afbrigði af lögmæltum reglum raska gildi hjúskaparins nema einungis í skýrt afmörkuðum tilvikum með tilliti til þess hve mikilvægur þessi gerningur er fyrir aðilana, börn þeirra og þjóðfélagið í heild. Ákvæði 1. mgr. 25. gr. er ógildisregla, hún skilgreinir hvenær þessi stjórnarathöfn er marklaus og hvenær ekki. Í V. kafla hjúskaparlaga er hins vegar mælt fyrir um reglur um ógildingu hjúskapar sem ekki er marklaus samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. hjl.⁸⁴ Þó verður að hafa hliðsjón af almennum reglum og lagaviðhorfum við skýringu á 1. mgr. 25. gr. hjl. Hjónavígsla yrði til dæmis marklaus ef það kæmi upp að samkynja einstaklingar hafi verið gefnir saman, samanber 1. gr. hjl. þar sem fram kemur að lögin gilda um hjúskap karls og konu. Sú staða að annað hjónaefni skipti síðar um kyn er umhugsunarverð. Þá hefur verið talið að hjúskapurinn hlyti að falla niður þar sem grundvöllur hans er brostinn samkvæmt lögum.⁸⁵

⁸³ Sama heimild, bls. 305.

⁸⁴ Sama heimild, bls. 306.

⁸⁵ Sama heimild, bls. 307.

Athöfnin hjónavígsla verður að uppfylla eftirtalin skilyrði til að vera gildur stjórnarsýslugerningur samkvæmt 1. mgr. 25. gr., samanber 2. mgr. 24. gr. hjl. Í fyrsta lagi verður löghæfur vígslumaður að framkvæma hjónavígsluna.⁸⁶ Það varðar hins vegar ekki ógildi vígslunnar þó svo að lögmætur vígslumaður vígi hjónaefni á stað sem er fyrir utan umdæmi hans. Einu vígslumennirnir sem nú hafa staðbundið vígsluvald að lögum eru borgaralegir vígslumenn, sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra. Hjónavígslan væri gild en öðru máli kann að gegna hvort vígslumaðurinn yrði að sæta einhverjum öðrum viðurlögum fyrir brot sitt, en ekki eru tók á að fjalla nánar um það hér.⁸⁷

Í öðru lagi verða bæði hjónaefni að vera viðstödd vígsluna. Samkvæmt þessu geta hjónaefni hvorki gefið samþykki sitt fyrir ráðahagnum í gegnum síma né sent umboðsmann fyrir sig. Hjónaefnin verða þó einungis bæði að vera viðstödd þegar þau atriði sem 2. mgr. 24. gr. tilgreinir fara fram. Það myndi ekki gera hjónavígsluna marklausa þó svo að hjónaefnin yfirgæfu athöfnina eftir það.⁸⁸

Í þriðja lagi verður vígslumaður að spyrja hjónaefni hvort um sig hvort það vilji stofna til hjúskapar við hitt hjónaefnið sem vígslumaður nafngreindir.

Í fjórða lagi verða hjónaefni að játa spurningu vígslumanns um hvort það vilji stofna til hjúskapar. Mikilvægt er að samþykkið sé afdráttarlaust og án fyrirvara og tímamarka. Samþykkið er ekki formbundið en það verður að vera í beinum tengslum við spurningu vígslumannsins.⁸⁹ Í þeim tilvikum þar sem hjónaefnið hefur verið í slíku ástandi að það hafi ekki getað gefið marktækt samþykki myndi hjónavígslan vera marklaus en ekki einungis ógildanleg samanber V. kafla hjl. Tilvik sem þessi gætu verið sturlun hjónaefnis eða vígsla barns.⁹⁰

Í fimmta lagi verður vígslumaðurinn að lýsa því yfir að hjónaefnin séu orðin hjón frá þeirri stundu að telja. Þessi yfirlýsing vígslumanns er nauðsynlegur lokapáttur í þeim stjórnarsýslugerningi sem hjónavígslan er.⁹¹

⁸⁶ Sama heimild, bls. 306.

⁸⁷ Sama heimild, bls. 308. Lára V. Júlíusdóttir, *Hjúskapur. Stofnun og slit. Réttindi og skyldur. Bráðabirgðaútgáfa til kennslu*, bls. 33.

⁸⁸ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 306.

⁸⁹ Sama heimild, bls. 306.

⁹⁰ Sama heimild, bls. 308.

⁹¹ Sama heimild, bls. 307

5.3. Eftirfarandi staðfesting hjónavígslu.

2. mgr. 25. gr. hjl. hljóðar svo: „Nú er hjónavígsla eigi gild skv. 1. mgr. og getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið þá lýst hana gilda ef sérstakar ástæður mæla með því. Á þetta einnig við þótt annað hjóna eða bæði séu látin.“ Ákvæði þetta kom fyrst inn í íslensk lög með 2. mgr. 22. gr. laga 60/1972 að norski fyrirmynd.⁹² Í hjúskaparlögunum 1993 var því bætt við að staðfesting gæti farið fram þó svo að annað eða bæði hjónaefni hafi látist áður en farið var fram á staðfestingu.

Ákvæðið um eftirfarandi staðfestingu hjúskaparins er öryggisventill því ýmislegt getur farið úrskaiðis við framkvæmd hjónavígslu þó tilvikin séu eflaust sjaldgæf. Sem dæmi má nefna að vígslumaður gæti gleymt að lýsa því yfir að hjónaefnin séu orðin hjón og einnig gæti eitthvað komið fyrir hjónaefni eftir að það játar spurningu vígslumanns en fyrir yfirlýsingu hans.

Heimild þessi er miðuð við að beiðni komi fram um staðfestingu frá réttum aðilum. Þessir aðilar geta einungis verið þeir sem eiga hagsmuna að gæta, aðilarnir sjálfir eða erfingjar þeirra.⁹³ Heimilt er að staðfesta hjónavígsluna þó svo að einungis annar aðilinn óski eftir staðfestingunni ef hinn lætur málið afskiptalaust.⁹⁴

Forsenda staðfestingarinnar er að raunveruleg athöfn hafi átt sér stað sem hjónaefni hafi talið vera gilda vígsluathöfn, samanber athugasemd við 22. gr. frumvarps til hjl. 1972.⁹⁵ Sérstakar ástæður verða að mæla með staðfestingu svo hún fáist. Við mat á því væri rétt að athuga hvort hjónavígsluskilyrði hafi verið könnuð og hvort þeim hafi í reynd verið fullnægt.⁹⁶ Staðfesting er veitt með bréfi dóms- og mannréttindaráðuneytisins en réttaráhrif hjúskapar teljast vera frá vígsludegi.⁹⁷

V. Framkvæmd borgaralegrar hjónavígslu og rannsóknarefni.

1. Inngangsorð.

Kveikjan að þessu ritgerðarefni var sú staðreynd að þör sem kjósa að giftast borgaralega eiga ekki alltaf kost á vígslu á frídegi frammi fyrir sínum vinum og

⁹² Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 40, 39. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/92/s/pdf/0040.pdf>. [Sótt á vefinn: 25.4.2010.]

⁹³ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 310.

⁹⁴ Sama heimild, bls. 310.

⁹⁵ Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 40, 39. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/92/s/pdf/0040.pdf>. [Sótt á vefinn: 25.4.2010.]

⁹⁶ Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 310.

⁹⁷ Sama heimild, bls. 310.

vandamönnum eins og hefð er fyrir í íslensku þjóðfélagi. Ástæðan fyrir því er að sum sýslumannsembætti bjóða ekki upp á vígslur utan skrifstofutíma og/eða skrifstofu.

Flestir eru sammála um að hjónavígslan sjálf sé ekki einungis borgaralegur löggerningur með tilheyrandi réttaráhrifum heldur sé hún einnig félagsleg athöfn. Hvort sem um kirkjulega eða borgaralega athöfn er að ræða, strengja hjónaefni þess heit að lifa lífinu saman, í blíðu og stríðu, þar til dauðinn aðskilur þau.

Við fyrstu sýn virðist vera ákveðin mismunur gagnvart hjónaefnum sem kjósa borgaralega hjúskaparstofnun, samanborið við hjónaefni sem kjósa að ganga í hjúskap á vegum trúfélaga. Þó svo að ekki hafi verið aflað nákvæmra upplýsinga frá öllum skráðum trúfélögum um framkvæmd vígslna þá verður hér gengið út frá því að í flestum tilfellum bjóði trúfélögin upp á hjónavígslu á frídögum þar sem vinir og vandamenn hjónaefna geta verið viðstaddir. Í öllu falli er ljóst að stærsta trúfélagið, þjóðkirkjan, býður ávallt upp á vígslur á frídögum og kirkjur gera ávallt ráð fyrir mannsöfnuði.

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar sem var sent til sýslumannsembættanna á framkvæmd borgaralegrar vígslu. Enn fremur verður leitast við að svara þeirri spurningu sem varpað var fram í inngangi ritgerðarinnar, hvort þessar framkvæmdarreglur sýslumannsembættanna standist 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Að síðustu verður fjallað um aðrar mögulegar leiðir sem ekki myndu fela í sér þann aðstöðumun sem hjónaefni innan eða utan trúfélaga búa við eins og er samkvæmt núverandi reglum.

2. Könnun á framkvæmd borgaralegrar vígslu á Íslandi.

Könnun var send í tölvupósti 18. febrúar 2010 á öll 24 sýslumannsembætti landsins með átta spurningum er vörðuðu framkvæmd borgaralegrar hjónavígslu hjá þeirra embættum (sjá spurningalista í heild í viðauka 1).


Svör bárust frá öllum embættum. Í ljós kom að spurningalistinn var gallaður að því leyti að spurningarnar voru of opnar og leiddi það til þess að misjafnt var hvernig embættin svöruðu spurningunum. Sum svörin voru efnismikil þar sem meiri upplýsingar komu fram en ætlast var til á meðan önnur svör voru einskorðuð við það sem um var spurt. Þó fengust að mestu leyti þau svör sem óskað var eftir. Spurningar

númer tvö og þrjú voru sameinaðar við úrvinnslu vegna þess að þær gefa sömu svör í mörgum tilfellum. Hér verður farið yfir helstu niðurstöður könnunarinnar:

Til einföldunar er í textanum fjallað um sýslumannsfulltrúa en þá er einnig átt við sýslumann sjálfan.

Spurning 1: Hvaða daga og á hvaða tímum getur hjónavígsla farið fram?

Sýslumannsembættin í Reykjavík, á Patreksfirði og Eskifirði hafa það að reglu að framkvæma hjónavígslur einungis á skrifstofutíma. Hjá tíu embættum er meginreglan sú að vígslan fer fram á skrifstofutíma en hægt er að semja við fulltrúann sem sér um vígsluna um annan tíma og dag. Í svörum nokkurra embætta kom fram að fulltrúar geti ekki fengið greitt fyrir að taka að sér hjónavígslu utan vinnutíma. Hjá ellefu embættanna er þetta algjörlega samkomulagsatriði og flest kemur til greina í þessum efnum.




Mynd 1: Sp.1 Hvaða daga og á hvaða tímum getur hjónavígsla farið fram?

Spurning 2 og 3: Hvar getur hjónavígsla farið fram?

Hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík er einungis boðið upp á vígslu á skrifstofu embættisins. Fimm embættanna sögðu meginregluna þá að vígsla fari fram á skrifstofu embættisins en hún gæti farið fram annars staðar ef um það næðist samkomulag á milli sýslumannsfulltrúans og hjónaefnanna. Flest embættanna, átján talsins, segja hins vegar að vígsla geti farið fram um það bil hvar sem er í umdæminu en þó innan skynsemismarka. Til dæmis sagði Kristín Völundardóttir, sýslumaður á

Ísafirði, að þau vildu ekki leggja mjög löng ferðalög á fulltrúann né leggja hann í hættu og nefndi þar ferðalag á Hornstrandir sem tekur um það bil þrjár klukkustundir báðar leiðir. Stefán Skarphéðinsson, sýslumaður í Borgarnesi, nefndi sem dæmi að hann hefur gefið fólk saman uppi á Langjökli og í hellinum Víðgemli í Hallmundarhrauni, en sú vígsla fór fram á sunnudegi 27. desember. Bláa lónið er einnig vinsæll vígslustaður á vegum sýslumannsembættisins í Keflavík, en þó eru það fyrst og fremst útlendingar sem óska eftir því. Ummæli Daða Jóhannessonar, sýslumannsfulltrúa í Stykkishólmi, eru lýsandi um vandræðin sem sum sýslumannsembættin hafa komist í, en þá aðallega að því er virðist vegna sérlega frumlegra óska útlendinga um staðsetningu vígslu og fleira þess háttar:

„Vegna spurninganna vil ég taka fram að hér var meginreglan sú að við framkvæmdum hjónavígslur nánast hvar og hvenær sem eftir því var óskað. Þegar ferðaskrifstofur fóru að markaðssetja hjónavígsluferðir, með vígslu upp til fjalla eða ofan í fjöru og nánast alltaf um helgar eða eftir vinnu fannst okkur, það er mér og sýslumanni, þetta vera komið úr böndunum.“




Mynd 2: Sp.2 og 3 Hvar getur hjónavígsla farið fram?

Spurning 4: Fær embættið margar fyrirspurnir eða óskir um vígslu utan skrifstofu og utan skrifstofutíma?

Þar sem spurningin er ekki nógu nákvæmlega orðuð fengust ekki skýr töluleg svör. Svörin byggjast frekar á því hvað svarendur höfðu á tilfinningunni varðandi fjölda fyrirspurna. Samt sem áður gefa niðurstöður þessarar spurningar ákveðna hugmynd

um fjölda fyrirspurna eftir þessari þjónustu. Í flestum tilfellum virðist vera einhver eftirspurn eftir þessum möguleikum og í mörgum tilfellum virðist eftirspurnin vera talsverð. Hjá nokkrum embættum kom fram að þeirra reynsla væri sú að þau hjónaefni sem kysu borgaralega hjónavígslu vildu yfirleitt hafa vígsluna sem einfaldasta og sem fæsta viðstadda, helst bara votta.

Sex embættanna sögðu að þau fengju mjög fáar eða engar fyrirspurnir um þessa möguleika. Átta embættanna könnuðust vel við slíkar fyrirspurnir en sögðu þær vera í minnihluta af þeim sem óskuðu eftir vígslu á vegum embættisins. Tíu embætti svöruðu á þá leið að þau fengju talsvert margar óskir um vígslur annaðhvort utan skrifstofutíma eða utan skrifstofunnar sjálfrar, nema hvort tveggja væri.




Mynd 3: Sp.4 Fær embættið margar fyrirspurnir eða óskir um vígslu utan skrifstofu og utan skrifstofutíma?

Spurning 5: Hve margir geta verið viðstaddir vígslu sem haldin er á skrifstofu embættisins?

Hjá þrettán embættum komast 10 til 30 gestir fyrir á vígslustað. Fjögur embættanna sögðust hafa stór húsnæði og möguleiki væri á 50 til 60 gestum eða „nokkrum tugum“ eins og sum lýstu því. Sjö embættanna svöruðu spurningunni einungis á þá leið að gestir gætu verið viðstaddir „eins og húsrúm leyfir“ og nefndu engar tölur um stærð húsnæðis eða fjölda sem kæmist fyrir.

Það kom fram hjá flestum embættunum að í langflestum tilfellum væru mjög fáir gestir við borgaralega hjónavígslu sem fram færi á skrifstofum embættanna og

sjaldan eða aldrei kæmu fram óskir um annað. Fæst embættanna mundu eftir öðru. Öðru máli kann hins vegar að gegna um gestafjölda í borgaralegum vígslum sem fram fara utan skrifstofu embættanna en ekki var spurt um það.



Mynd 4: SP.5 Hve margir geta verið viðstaddir vígslu sem haldin er á skrifstofu embættisins?

Spurning 6: Hefur framkvæmd borgaralegrar hjónavígslu við þitt embætti breyst vegna niðurskurðar í kjölfar bankahruns?

Hjá sýslumannsembættum í Reykjavík og á Seyðisfirði hafa orðið breytingar á framkvæmd vígslunnar. Breytingarnar í Reykjavík voru að hætt er að vígja fólk á laugardögum eða utanhúss. Á Seyðisfirði er reynt að halda vígslum innanhúss og á skrifstofutíma og sýslumannsfulltrúar geta ekki fengið greitt fyrir þá aukavinnu sem hlýst af vígslum á frítíma eða utanhúss. Hin 22 embættin sem svöruðu sögðu engar breytingar hafa orðið á vígslum vegna niðurskurðar í kjölfar bankahruns.

Þó er ljóst að fjárhagsleg sjónarmið hafa meiri áhrif en þessi niðurstaða gefur til kynna þar sem fram kom í svörum nokkurra embætta til viðbótar að sýslumannsfulltrúar gætu ekki fengið greidda yfirvinnu vegna vígsla utan skrifstofutíma eða utanhúss. Vígsla utan skrifstofutíma virðist því vera undir velvild viðkomandi sýslumannsfulltrúa komin í hverju tilviki fyrir sig.

Spurning 7: Mega hjónaefni skreyta salinn, hafa tónlistaratriði eða fá annan ræðumann en sýslumann/löglærðan fulltrúa?

Spurning 8: Ef hjónaefni óska eftir, bætir sýslumaður þá við staðlaða vígslutextann ljóðum, heitum eða annars lags hátíðlegri ræðu?

Að lokum voru síðustu tvær spurningarnar í sambandi við möguleika hjónaefna á að hafa hjónavígsluathöfnina, á skrifstofu embættisins, hátíðlega með þeim hefðbundna hætti sem fólk gerir þegar það giftist á vegum trúfélaga. Mjög misjöfn svör voru við þessum spurningum svo ekki er hægt að draga upp heildstæða mynd af svörunum.

Þó kom fram að hjá flestum embættum að óskir um slíkt væru mjög sjaldgæfar. Þó kæmi það fyrir og í flestum tilfellum virtist það vera auðsótt mál. Oftast var um óskir um tónlistarflutning að ræða. Varðandi skreytingar þá kom fram að sjaldan væri óskað eftir slíku en þó væri sjálfsagt að leyfa lítilsháttar skreytingar, til dæmis blómvönd eða kertaljós. Fram kom í svörum frá sýslumanninum á Borgarnesi að við hjónavígslur væru alltaf blóm og kertaljós á borði og á Siglufirði er venja að setja dúk á borð og kveikja á kerti.

2.2 Önnur atriði um framkvæmd borgaralegrar hjónavígslu.

Um framkvæmd sjálfrar hjónavígslunnar er auglýsing frá 31. maí 1890 í A-deild stjórnartíðinda nr. 25 enn í gildi. Þessi gamla ræða er eðli málsins samkvæmt að mörgu leyti orðin úrelt en enn er byggt á henni í vígsluræðum sýslumanna.

Gjald vegna borgaralegrar hjónavígslu er nú 7.700 kr., skv. 16. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 88 frá 1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Gjaldið var hækkað í lok árs 2009 með lögum nr. 130/2009, úr 5.100 kr.

Einnig fengust þær upplýsingar hjá sýslumannsfulltrúanum á Hvolsvelli að tekið væri þjónustugjald fyrir útlagðan kostnað vegna aksturs. Í könnuninni var ekki spurt um kostnað sem þennan og því er óljóst hvort greiða þurfi þjónustugjald hjá fleiri embættum.

2.3 Framkvæmd hjónavígslu á vegum trúfélaga.

Hér verður ekki fjallað ítarlega um framkvæmd hjónavígslna hjá trúfélögum.

Samhengisins vegna er samt sem áður fróðlegt að bera saman kostnað við vígslur á vegum þjóðkirkjunnar við kostnað vegna borgaralegra hjónavígslna.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 36/1931 ber prestum þóknun fyrir aukaverk þeirra eftir gjaldskrá sem dóms- og mannréttindaráðuneytið setur til 10 ára í senn. Gjaldskráin sem nú er í gildi er nr. 668/2003 og samkvæmt 3. tl. 2. gr. hennar ber prestum 6.500

kr. í þóknun fyrir hjónavígslu. Enn fremur segir í 3. gr. gjaldskrárinnar að sá sem beiðist verks skuli greiða ferðakostnað prestsins samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna, þó ekki fyrir lengri vegalengd en 10 km.

Sennilega er misjafnt á milli presta hvort þeir krefjast þessa gjalds og þá í hve miklum mæli. Í samtali mínu við sr. Ólaf Jóhannsson, sóknarprest Grensáskirkju, kom fram að hann fer fram á 1.500 kr. í akstursgjald þegar hann vígir saman hjón í kirkjunni.⁹⁸

Hjónaefni sem vígjast í hjúskap í kirkjum þjóðkirkjunnar þurfa einnig að greiða kirkjuverðinum fyrir hans þjónustu. Þetta gjald virðist vera á bilinu 5.000 til 7.000 kr. Þetta er gjald vegna þjónustu kirkjuvarðarins en ekki fyrir leigu á kirkjunni.

Samkvæmt upplýsingum Þorvaldar Karls Helgasonar er aldrei tekin leiga fyrir notkunina á kirkjunni. Í sama samtali kom fram að sóknir landsins eru allar reknar sem sjálfseignarstofnanir. Þær ráða starfsfólk eins og kirkjuverði og það er mál hverrar sóknar hvernig hagað er greiðslu til kirkjuvarða.⁹⁹

Samanlagt er því kostnaður vegna hjónavígslna á vegum þjóðkirkjunnar í kirkjum landsins á bilinu 13.000 til 15.000 kr., 8.000 kr. sem greiðast prestinum og 5.000 til 7.000 kr. fyrir þjónustu kirkjuvarðar.

Eins og kunnugt er fara hjónavígslur á vegum þjóðkirkjunnar í flestum tilfellum fram á laugardögum. Það leiðir hugann að starfstíma presta. Alkunna er að drjúgur hluti starfa presta fer fram um helgar.

3. Er um ólögmeta mismunun að ræða?

3.1 Ólögmet mismunun samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar.

„Grundvallarreglan um jafnræði manna og bann við mismunun er ein mikilvægasta undirstaða nútímahugmynda um mannréttindi.“¹⁰⁰

Spurt er hvort sú framkvæmd sumra sýslumannsembættanna að bjóða ekki upp á hjónavígslur á frídögum, þar sem vinir og vandamenn hjónaefna gætu verið viðstaddir, brjóti gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Hér verður leitað svara við þeirri spurningu.

⁹⁸ Samtal höfundar við sr. Ólaf Jóhannsson, 24.3.2010.

⁹⁹ Samtal höfundar við Þorvald Karl Helgason, 25.3.2010.

¹⁰⁰ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur. 2. útg.*, bls.470.

Þeirri staðhæfingu hefur verið teft fram í þessari ritgerð að það sé ótvíræð hefð og jafnvel venja í íslensku samfélagi að hjónaefni séu vígð í hjúskap frammi fyrir vinum og vandamönnum á frídegi. Þar er átt við að þessi félagslega athöfn sé hefð. Í íslenskri réttarframkvæmd er viðurkennt að háttsemi sem hefur verið fylgt um ákveðið tímabil, og að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum, getur verið grundvöllur réttarreglu, venja getur orðið réttarheimild.¹⁰¹ Venja er samkvæmt lagalegri aðferðafræði talin vera næst æðsta réttarheimildin, á eftir settum rétti, þó þannig að venja gengur framur stjórnvaldsfyrirmælum.¹⁰²

Venja þarf hins vegar að fullnægja vissum skilyrðum til að geta talist grundvöllur að réttarreglu. Þar ber fyrst að nefna að því eldri sem venja er á því traustar grundvelli stendur hún gagnvart réttarreglunni.¹⁰³ Ótvírætt er að sú hefð sem hér er til skoðunar er mjög gömul. Einnig er litið til hversu stöðug venjan hefur verið. Mikilvæg forsenda þess að venja teljist skapa réttarreglu er að henni hafi verið framfylgt stöðugt og af samkvæmni.¹⁰⁴ Sú hefð sem hér er til skoðunar hefur ótvírætt verið stöðug og framfylgt af samkvæmni hjá trúfélögunum og þá helst þjóðkirkjunni. Aftur á móti virðist framkvæmdin hafa verið mjög misjöfn hjá sýslumannsembættunum og hjá mörgum þeirra kemur fram að vígsla á virkum degi sé meginregla, annað undantekning. Lagaboðið um hvar hjón skulu gefin saman borgaralega hefur verið eins frá því að borgaraleg hjónavígsla var lögleidd á Íslandi. Því uppfyllir framkvæmd hjónavígslu hjá sýslumannsembættunum ekki þetta skilyrði um stöðugleika og samkvæmni í framkvæmd. Síðan er það skilyrðið um *opinio necessitatis*, eða að menn fylgi venjunni vegna þess að þeir telji sér það skylt.¹⁰⁵ Þetta er einnig til staðar þegar kemur að hjónavígslum hjá þjóðkirkjunni en er ekki til staðar varðandi borgaralega vígslumenn enda mæla lög fyrir um annað. Venja verður að vera sanngjörn, réttlát og haganleg. Hún verður að vera í samræmi við skoðanir flestra á hverjum skipa beri málum.¹⁰⁶ Í báðum tilvikum, í borgaralegri og kirkjulegri vígslu, má ganga út frá því sem vísu að flestum finnst eðlilegt að hjónavígslur fari fram á frídögum frammi fyrir vinum og vandamönnum ef hjónaefni kjósa það. Hins vegar hefur það loðað við borgaralega vígslu að þangað leita hjónaefni sem einmitt kæra

¹⁰¹ Sigurður Línadal, *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – réttarheimildir*. Reykjavík 2007, bls. 151, og Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*, Reykjavík 1988, bls. 193.

¹⁰² Sama heimild, bls. 157-158, 309.

¹⁰³ Sigurður Línadal, *Um lög og lögfræði*, bls. 176, og Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*, bls. 200.

¹⁰⁴ Sigurður Línadal, *Um lög og lögfræði*, bls. 179.

¹⁰⁵ Sama heimild, bls. 180, og Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*, bls. 201.

¹⁰⁶ Sigurður Línadal, *Um lög og lögfræði*, bls. 181 og Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*, bls. 201.

sig ekki um slíkt heldur vilja gera sem allra minnst úr tilefninu. Venja skal hafa mótast friðsamlega.¹⁰⁷ Venju verður enn fremur að hafa verið fylgt í augsýn allra, ekki fyrir lokuðum tjöldum. Rökin fyrir því eru hin sömu og um birtingu laga.¹⁰⁸ Loks er þess krafist, til að réttarregla skapist vegna venju, að venjan hafi lágmarks útbreiðslu.¹⁰⁹ Hér er einnig munur varðandi kirkjulega og borgaralega vígslu þar sem þessi venja hefur fyrst og fremst skapast í kringum kirkjulegar hjónavígslur.

Út frá þessari samantekt um venju er erfitt að sýna fram á annað en að sú venja að gefa hjón saman á frídegi að viðstöddum vinum og vandamönnum hefur fyrst og fremst skapast á vegum trúfélaganna. Hafa skal í huga að hér er fyrst og fremst litið til framkvæmdar þjóðkirkjunnar. Ekki er hægt að tala um að venja um þetta hafi myndast hjá borgaralegum vígslumönnum. Hins vegar má með nokkrum rétti benda á að flestar hjónavígslur fara einmitt fram á vegum þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Á árunum 2000-2008 voru 78% hjónavígslna á vegum trúfélaga.¹¹⁰ og áður en borgaralegar vígslur komu til sögunnar fóru hjónavígslur einungis fram á vegum þjóðkirkjunnar. Því er ljóst að þessi venja var orðin rótgróin og fastmótuð þegar borgaraleg hjónavígsla var lögleidd með lögum nr. 4/1886.

Framkvæmd sýslumannsembættanna er augljóslega í samræmi við lög. Í 1. mgr. 23. gr. hjl. kemur fram að meginreglan er sú að borgaraleg vígsla fari fram á skrifstofu vígslumanns en önnur staðsetning er komin undir því að hjónaefni og vígslumaður semji um annað. Í 2. mgr. sömu greinar hjl. kemur fram að kirkjuleg vígsla fari fram í kirkju nema um annað sé samið. Þannig er ljóst af lögnum að meginreglan er sú að vígsla fari fram á starfstöð vígslumanns nema sátt náist um annað. Ekki er fjallað um tímasetningu vígslu í lögnum en af samanburðarskýringu er ljóst að ekki eru rök til annars en að vígsla fari að meginreglu fram á venjulegum starfstíma vígslumanna. Á opnunartíma skrifstofu í tilfelli borgaralegs vígslumanns og um helgar í tilfelli presta þar sem það er í samræmi við venju og þá staðreynd að drjúgur hluti starfs presta fer einmitt fram um helgar og á öðrum frídögum.

Af þessu er ljóst að framkvæmd sýslumannsembætta, sem einungis framkvæma borgaralegar hjónavígslur á skrifstofu sinni og á skrifstofutíma, er í samræmi við

¹⁰⁷ Sigurður Línadal, *Um lög og lögfræði*, bls. 182.

¹⁰⁸ Sama heimild, bls. 183.

¹⁰⁹ Sama heimild, bls. 182.

¹¹⁰ Vefsíða Hagstofunnar, <http://hagstofa.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir> [Sótt 16. maí 2010.]

almenn lög. Eftir stendur hins vegar spurningin um hvort þessi framkvæmd og þar með lögin, það er 1. mgr. 23. gr. hjl., brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Jafnræðisregluna er að finna í 1. mgr. 65. gr. stjórnaskrárinnar nr. 33 frá 1944. Reglan er mjög rúmt orðuð stefnuyfirlýsing. Reglan er hins vegar lifandi ákvæði sem hefur mikil áhrif á réttarframkvæmd. Reglan bindur löggjafann, framkvæmdavaldið og dómvaldið. Löggjafanum ber að hafa regluna að leiðarvísi við lagasetningu og lög sem stríða gegn henni munu vera dæmd ógild af dómstólum. Framkvæmdavaldinu ber að gæta jafnræðis við setningu stjórnvaldsfyrirmæla eða ákvörðun einstakra mála, samanber einnig 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Loks leggur þessi stefnuyfirlýsing þær skyldur á dómstóla að þeir skuli skýra lög í samræmi við markmiðið um jafnrétti.¹¹¹

Þannig er ljóst að í reglunni felst mikilvæg stefnulýsing til allra þriggja arma ríkisvaldsins. Jafnræðisreglan er þó alls ekki einungis stefnuyfirlýsing heldur lifandi og virk réttarregla sem einstaklingar og lögaðilar geta byggt efnislegan rétt á.¹¹²

Einstaklingar njóta hins vegar augljóslega mismunandi stöðu í þjóðfélaginu. Sumum er gert hærra undir höfði í löggjöf en öðrum og það einnig á grundvelli atvika sem talin eru upp í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Sem dæmi má nefna að lágtekjuhópar í þjóðfélaginu njóta lögum samkvæmt meiri efnahagslegs stuðnings en aðrir. Hinum efnameiri er með öðrum orðum mismunað eftir efnahag. Að baki þessari misnotkun eru hins vegar málefnaleg rök og því brýtur hún ekki gegn jafnræðisreglunni.¹¹³

Í lögum eða lögskýringargögnum er ekki um auðvelt að finna leiðbeiningar um hvenær mismunun er lögmæt eða ólögmæt. Til að komast að því þarf að skoða dómafordæmi Hæstaréttar en einnig koma dómur Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) til skoðunar. Þeir eru þó ekki formlega bindandi að íslenskum rétti, samanber 2. gr. laga nr. 62/1994. Hæstiréttur hefur engu að síður tekið talsvert mið af dómafordæmum MDE við túlkun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Af dómum Hæstaréttar er ekki fyllilega ljóst hvað leggja skuli til grundvallar en þó er hægt að draga eftirfarandi ályktanir.

¹¹¹ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, bls. 474.

¹¹² Sama heimild, bls. 475.

¹¹³ Sama heimild, bls. 476.

Þau tilvik sem borin eru saman við beitingu jafnræðisreglunnar verða að vera sambærileg. Séu tilvikin ekki sambærileg er ljóst að ekki er um mismunun að ræða.¹¹⁴ Þó er ljóst að ekki má gera of strangar kröfur til sambærileika tilvika því þá er hætt við því að raunverulegt gildi jafnræðisreglunnar yrði mjög takmarkað.¹¹⁵

Þau tilvik sem hér eru borin saman eru annars vegar borgaraleg hjónavígsla og hins vegar hjónavígsla á vegum þjóðkirkjunnar og skráðra trúfélaga. Í báðum tilvikum er um að ræða hjónavígslu, sama gjörninginn. En framkvæmdaraðilinn er ekki sá sami. Annars vegar er um að ræða trúfélög með frjálsri félagaaðild og hins vegar framkvæmdarvaldshafa ríkisins í héraði, samanber 1. gr. laga nr. 92/1989. Miklu skiptir að almennur starfstími þessara aðila er ólíkur. Drjúgur hluti starfs presta fer fram um helgar og á frídögum og taka laun og greiðslur til þeirra mið af því. Hins vegar er almennur starfstími sýslumanna og fulltrúa opnunartími skrifstofu. Þó er ljóst að ýmis verkefni sýslumanna geta krafist vinnuframlags utan hefðbundins opnunartíma embættanna á virkum dögum. Þar má nefna nauðungarsöluuppboð sem ætlað er að ná til almennings, framkvæmd fullnustugerða og framkvæmd hjónavígslna samanber svör við könnun um borgaralegar hjónavígslur. Enn fremur er ljóst að sú venja að vígja fólk í hjúskap á frídegi frammi fyrir vinum og vandamönnum hefur ótvírætt fyrst og fremst myndast hjá trúfélögum. Það skilur eftir þá spurningu hvort jafnræðisregla stjórnarskrárinnar leggi þá jákvæðu skyldu á hendur borgaralegs vígslumanns að framkvæma vígslur að þessu leyti í samræmi við þá venju sem myndast hefur hjá trúfélögum samanber umfjöllun um réttarvenju hér að framan.

Flóknasta úrlausnarefnið er hvort sjónarmið sem mismunun byggist á verði talin málefnaleg og það mikilvæg að þau réttlæti aðstöðumun manna á milli að lögum. Ekki er að finna neinar reglur um þetta í dómum Hæstaréttar.¹¹⁶ Við mat á þessu hefur Hæstiréttur meðal annars litið til þess hvað geti talist vera framkvæmanlegt. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 64/1999 taldi rétturinn að una yrði við ákveðinn aðstöðumun á milli gjaldenda á grundvelli sjónarmiða um það *hvað talist gat framkvæmanlegt* með tilliti til aðstæðna, kostnaðar og fleira. Einnig var ljóst af því máli að nauðsyn á greiðri og virkri stjórnarsýslu getur orðið til þess að menn þurfi að þola nokkurn aðstöðumun. Á sumum sviðum verða stjórnvöld að afgreiða mikinn

¹¹⁴ Páll Hreinsson, „Litróf jafnræðisreglna“. Í Ármann Snævarr (ritstj.), *Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum 20. febrúar 2001*. Reykjavík 2001, bls. 354.

¹¹⁵ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, bls. 477.

¹¹⁶ Páll Hreinsson, „Litróf jafnræðisreglna“, bls. 356.

fjöldi mála sem kallar á festu í framkvæmd stjórnarsýslunnar.¹¹⁷ Eins og áður hefur komið fram er opnunartími sýslumannsembættanna hefðbundinn skrifstofutími eins og hjá öðrum opinberum aðilum. Einnig er ljóst að stjórnarsýslan er fjársvelt og embættin hafa ekki úr miklum fjármunum að spila. Það kemur fram í svörum nokkurra embætta að fjárhagsleg sjónarmið hafa áhrif á hvenær vígslur geta farið fram þar sem ekki kemur til greina að greiða sýslumannsfulltrúum yfirvinnu fyrir vígslur utan skrifstofutíma. Ekki er annað að sjá en að þessi réttlætning á mismununinni myndi teljast vera málefnalegt sjónarmið.

Af dómum Hæstaréttar er ljóst að þó að sjónarmið sem mismunun byggir á teljist vera málefnalegt verður mikill munur á lagastöðu manna talinn bersýnilega ósanngjarn ef hann byggir ekki á þeim mun veigameira sjónarmiði sem réttlætir nauðsyn hans. Það er að dómstólar beita meðalhófsreglu við matið.¹¹⁸ Hagsmunir þeirra hjónaefna sem ekki geta formlega að lögum gengið í hjúskap frammi fyrir vinum sínum og vandamönnum á frídegi, vegna þess að þau kjósa borgaralega vígslu, eru félagslegir og tilfinningalegir hagsmunir. Þessi hjónaefni geta seinna haldið sína félagslegu athöfn með sínu fólki hvort sem þau velja að gera það á sinn hátt eða snúa sér til félags á borð við Siðmennt. Þau þurfa þá reyndar að hafa tvær athafnir, eina hjá sýslumanni og eina félagslega og greiða þá fyrir það tvisvar. Rétturinn til hjúskapar er vissulega meðal grundvallarmannréttinda, samanber 71. gr. stj.skr. og 12. gr. MSE eins og fjallað var um í III. þætti hér að framan, en samkvæmt þeim ákvæðum verður ríkið að búa hjúskapnum ákveðið form að lögum. Ekki er hægt að leiða af þeim ákvæðum jákvæða skyldu ríkis til að hafa tímasetningu og staðsetningu hjónavígslu með ákveðnum hætti.

Þannig er ljóst að þessi framkvæmd sem styðst við 23. gr. hjl. getur ekki talist vera ólögsmæt mismunun samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

3.2 Jafnræðisregla stjórnarsýslulaga.

Mismunandi framkvæmd sýslumannsembættanna á hvenær og hvar þau vígja hjónaefni í hjúskap leiðir hugann að jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga, 11. gr. laga nr. 37/1993. Áður en hægt er að skoða álitafni sem vakna í kringum 11. gr. verður að athuga hvort álitafnið sem hér er til skoðunar falli undir gildissvið stjórnarsýslulaga.

¹¹⁷ Sama heimild, bls. 355.

¹¹⁸ Sama heimild, bls. 356.

Stjórnsýslulög gilda samkvæmt 2. mgr. 1. gr. ssl. nr. 37/1993 að meginstefnu til einungis þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Lögin gilda þegar stjórnvöld taka stjórnvaldsákvarðanir.¹¹⁹ Því er nauðsynlegt að kanna hvaða ákvarðanir stjórnvalda teljast vera stjórnvaldsákvarðanir og hverjar ekki. Í umfjölluninni verður fjallað um þau álitaefni sem skipta máli þegar kemur að því að ákvarða hvort ákvörðun sýslumanns um hvort hann vígi hjónaefni og hvar og hvenær sú vígsla fer fram teljist vera stjórnsýsluákvörðun. Öðrum álitaefnum varðandi stjórnvaldsákvarðanir verða ekki gerð skil hér á þessum vettvangi.

Engum vafa er undirorpið að sýslumaður og fulltrúar hans eru stjórnvald í skilningi, samanber 1. gr. laga nr. 92/1989. Nánari skoðun þarf hins vegar til að ákvarða hvort stjórnvaldið, í þessu tilfalli sýslumaður, sé að taka stjórnvaldsákvörðun þegar hann ákveður hvort, hvar og hvenær hann giftir hjónaefni.

Skilgreining Páls Hreinssonar á hvað stjórnvaldsákvörðun er: „*Stjórnvaldsákvörðun er ákvörðun sem tekin er í skjóli stjórnsýsluvalds og er beint milliliðalaust út á við að tilteknum aðila eða aðilum og með henni er kveðið á bindandi hátt um rétt eða skyldur þeirra í ákveðnu, fyrirliggjandi máli.*“¹²⁰

Ljóst má vera að ákvörðun sýslumanns um hvort, hvar og hvenær hann giftir hjónaefni er ákvörðun sem tekin er í skjóli stjórnsýsluvalds. Sýslumanni ber skylda til að gifta hjón borgaralega ef þau uppfylla hjónavígsluskilyrðin, samanber umfjöllun að framan í kafla 3 í IV. þætti. Þjónustustarfsemi hins opinbera telst ekki vera stjórnvaldsákvörðun og því gilda ákvæði ssl. ekki um slíka starfssemi.

Þjónustustarfsemi hins opinbera byrjar hins vegar oft með stjórnvaldsákvörðun.¹²¹ Ákvörðun um hvort barn sé tekið inn á leiksskóla er þannig stjórnvaldsákvörðun en leikskóladvölin sjálf er þjónusta.

Þannig getur verið álitamál hvort ákvarðanir sem tengjast opinberri þjónustu falli undir lögin. Skoða verður hvort ákvörðunin lúti fyrst og fremst að útfærslu og framkvæmd þjónustunnar, til að mynda hvar og hvenær ákveðin þjónusta fer fram, eða hvort ákvörðun er fyrst og fremst lagalegs eðlis, hvort hún færi borgaranum réttindi eða skerðir þau og svo framvegis. Hins vegar er orðalag 1. gr. ssl. svo rúmt að í algjörum

¹¹⁹ Páll Hreinsson, *Hæfisreglur stjórnsýslulaga*. Reykjavík 2005, bls. 111.

¹²⁰ Sama heimild, bls. 169.

¹²¹ Páll Hreinsson. *Stjórnsýslulögin. Skýringarrit*. Reykjavík 1994, bls. 44.

vafatilfellum er rétt að álykta að lögin gildi frekar en að þau gildi ekki.¹²² Varðandi það sem hér er til skoðunar er ljóst að ákvörðunin snýst um hvar og hvenær þjónustan fer fram. Fljótt á litið virðist álitaefninu vera ráðið til lykta, að ekki sé um stjórnsluákvörðun að ræða þar sem um er að ræða ákvörðun um hvar og hvenær þjónustan er veitt. Það er hins vegar ekki svo þar sem í álitum umboðsmanns Alþingis reyndi á keimlíkt mál, UA 1771/1996. Niðurstaðan var að um stjórnsluákvörðun var að ræða. Í málinu var ákvörðun um hvort dagsleyfi fanga gæti hafist þegar hann væri kominn til heimabæjar síns talin vera stjórnvaldsákvörðun. Í málinu hafði það úrslitaáhrif að niðurstaða ákvörðunarinnar hafði mikil áhrif á hvernig réttindi hans, dagsleyfið, nýttist honum. Hið sama er ekki upp á teningnum varðandi ákvörðun um hvar og hvenær hjónavígsla fer fram. Því er ekki hægt að álykta út frá þessu álitum umboðsmannsins að ákvörðun um staðsetningu og tímasetningu vígslu sé stjórnvaldsákvörðun.

Með tilliti til þess að öllum hjónaefnum sem uppfylla hjónavígsluskilyrðin er réttkræf hjónavígsla, samkvæmt 1. mgr. 22. gr. hjl., er talið að ákvörðun um staðsetningu og tímasetningu vígslu verði ekki talin vera stjórnvaldsákvörðun og því gilda stjórnslulög ekki um ákvörðunina.

4. Lausnir sem ekki fela í sér nefndan aðstöðumun.

Hér verður fjallað um mögulegar lausnir sem ekki fela í sér þann aðstöðumun sem hjónaefni innan eða utan trúfélaga búa við eins og núverandi reglur eru.

Í fyrsta lagi verður fjallað um þann möguleika að einungis borgaraleg hjónavígsla hafi réttaráhrif. Í öðru lagi verður fjallað um norsk lög um lífsskoðanafélög og hjónavígslumenn þeirra félaga. Í þriðja lagi verður fjallað um þann möguleika að setja gjaldtökuheimild fyrir sýslumannsembættin svo þau geti tekið sérstakt gjald fyrir vígslu utan skrifstofu og skrifstofutíma.

4.1 Franska leiðin, einungis borgaraleg vígsla hefur réttaráhrif.

Eins og getið var um í kafla 2.1. í II. þætti hér að framan eru það einungis borgaralegar hjónavígslur sem hafa réttaráhrif samkvæmt frönskum lögum. Ákvæði *Code civil* að þessu leyti urðu einnig að lögum í Belgíu, Hollandi, Portúgal, Ítalíu,

¹²² Sama heimild, bls. 45

Pýskalandi, Sviss og Austurríki. Síðar var lögum breytt í Portúgal og Ítalíu og voru þá réttaráhrif einnig tengd við kirkjulega hjónavígslu.¹²³

Samkvæmt 165. gr. *Code civil* skal hjónaband vera stofnað frammi fyrir borgaralegum valdsmanni (*officer of civil status of the commune*).¹²⁴ Hjónaefni geta svo síðar haldið trúarlega eða félaglega vígslu. Þessi leið setur alla við sama borð. Það má einnig segja að þetta sé skynsamleg leið að því leyti að blanda ekki borgaralegum löggæringi saman við trúarleg málefni. Ríki og kirkja voru aðskilin í Frakklandi árið 1905.¹²⁵

Þessi leið kom til skoðunar á Alþingi Íslendinga við setningu hjúskaparlaga nr. 30/1917, samanber ummæli í greinargerð, en fékk ekki brautargengi.¹²⁶

4.2 Norska leiðin, athafnastjórar lífsskoðanafélaga sem lögmætir hjónavígslumenn.

Árið 1981 voru í Noregi samþykkt lög um framlög til lífsskoðanafélaga, nr. 64/1981, eða eins og þau heita á norsku: „*Lov om tilskott til livssynssamfunn*“. Í þessum lögum voru lífsskoðanafélög eins og *Human-Etisk Forbund*, húmanistafélagið í Noregi, gerð jafnrétt há trúfélögum þar í landi varðandi sóknargjöld.¹²⁷

Með lögum nr. 1254/2004 var norsku hjúskaparlögunum breytt á þann veg að athafnastjórar lífsskoðanafélaga urðu lögmætir hjónavígslumenn. Réttarstaða *Human-Etisk Forbund* er af þessum ástæðum sú sama og réttarstaða annarra lífsskoðanafélaga, trúfélaga, í Noregi. Hjónaefni sem ekki eru innan trúfélaga en vilja samt vígjast í hjúskap frammi fyrir sínum nánustu á frídegi geta þannig leitað til *Human-Etisk Forbund* um hjónavígslu.¹²⁸

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi hefur barist fyrir jöfnum rétti lífsskoðanafélaga á Íslandi. Í þeirri viðleitni hefur Siðmennt tvisvar sinnum sótt um skráningu sem trúfélag, samanber lög nr. 108/1999, en verið neitað þar sem

¹²³ Ármann Snævarr, „*Um borgaralegt hjónaband*“, bls. 262-263.

¹²⁴ Vefsíða Legifrance, <http://195.83.177.9/code/liste.phtml?lang=uk&c=22&r=261>. [Sótt 21.4.10.]

¹²⁵ Alfræðiorðabók Britannica: <http://www.search.eb.com/eb/article-280832>. [Sótt 26.4.2010.]

¹²⁶ Frv. til laga um stofnun hjónabands, þskj. 151. Alþtíð. 1917, 28. lögp. A: 357-359.

¹²⁷ Bjarni Jónsson. Erindi Siðmenntar á ráðstefnu stjórnarskrárnefndar í júní 2005. Aðgengileg á www.sidmennt.is.

¹²⁸ Vefsíða Human-Etisk Forbund, http://www.human.no/templates/Page_2079.aspx. [Sótt 25.4.2010.]

átrúnaður á æðri máttarvöld er gert að skilyrði fyrir skráningu, samanber 3. gr. laganna.¹²⁹

Siðmennt býður upp á veraldlegar hjónavígsluathafnir í því formi og á þeim tíma sem hjónaefni kjósa. Þannig geta hjónaefni sem ekki hafa kost á hjónavígslu hjá sýslumanni, á þeim stað og tíma sem þeim hentar, fengið sína félagslegu athöfn hjá Siðmennt. Athafnastjórar Siðmenntar eru hins vegar ekki lögmætir hjónavígslumenn og því þurfa hjónaefni sem velja þennan kost að láta gefa sig saman hjá sýslumanni fyrir lögum og einnig hjá Siðmennt.¹³⁰

4.3 Gjaldtökuheimild fyrir borgaralega vígslu utan skrifstofutíma og skrifstofu.

Loks skal nefna þann möguleika að sett yrði gjaldtökuheimild í lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 þar sem sýslumannsembættum væri veitt heimild að taka sérstakt gjald fyrir hjónavígslur sem færu fram utan skrifstofu og utan skrifstofutíma. Gjaldtakan gæti svarað til þess kostnaðar sem hlýst af aukavinnu sýslumannsfulltrúans sem tekur hjónavígsluna að sér.

Nú gætu hjónaefni hugsað sér að bjóðast til að greiða þessa aukavinnu fulltrúans í þeirri viðleitni að fá þessa þjónustu á frídegi en hætt er við að hjónaefnin gerðu sig sek um að bjóða opinberum starfsmanni mútufé, samanber 109. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þar kemur fram að hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annarra, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi.

¹²⁹ Vefsíða Siðmenntar, <http://sidmennt.is/trufrelsi/jafnretti-lifsskodanafelaga/>. [Sótt 25.4.2010.]

¹³⁰ Vefsíða Siðmenntar, <http://sidmennt.is/veraldlegar-athafnir/gifting/>. [Sótt 21.4.10.]

VI. Lokaorð og niðurstaða

Eins og kom fram í kafla 2. í V. þætti eru það þrjú sýslumannsembætti sem gefa hjónaefni einungis saman á skrifstofutíma og eitt embætti gefur hjónaefni saman einungis á skrifstofu sinni. Af því leiðir að hjónaefni sem sækjast eftir vígslu á vegum þessara embætta eiga ekki kost á því að giftast lögformlega frammi fyrir vinum sínum og vandamönnum eins og hjónaefni sem gefin eru saman hjá trúfélögum eða öðrum sýslumannsembættum.

Í inngangi var þeirri spurningu velt upp hvort þessi aðstöðumunur eða mismunur sé ólöglegt mismunur samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 1944. Í kafla 3. í V. þætti var leitast við að svara þeirri spurningu. Í fyrsta lagi var athugað hvort það gæti talist venjuhelguð réttarregla að gefa fólk saman á frídegi á stað þar sem gestir hjónaefna komast fyrir, það er ef hjónaefni kysu það. Komist var að þeirri niðurstöðu að hægt væri að sýna fram á venju að þessu leyti þegar kemur að hjónavígslum á vegum þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga en ekki þegar kæmi að borgaralegum vígslum á vegum sýslumannsembættanna. Við skoðun á því hvort um væri að ræða ólöglegta mismunur gagnvart hjónaefnum sem kysu borgaralega vígslu var komist að eftirfarandi niðurstöðum: (1) Óvíst er að hjónavígsla á vegum trúfélaga annars vegar og hjónavígsla á vegum sýslumanna hins vegar teljist vera sambærileg tilvik þar sem framkvæmdaraðilinn er ekki sá sami. (2) Málefnaleg sjónarmið réttlæta þessa framkvæmd sýslumannsembættanna, það er skilvirk stjórnsýsla og fjárhagsleg sjónarmið. (3) Hagsmunir hjónaefna af því að fá vígslu á frídegi utan skrifstofu embættanna, sem eru tilfinningalegs og félagslegs eðlis, teljast ekki svo veigamiklir að meðalhófsregla sé brotin. Niðurstaða höfundar er að ekki sé um ólöglegta mismunur að ræða.

Engu að síður er það skoðun höfundar að þessi aðstöðumunur eða mismunur sé óásættanleg. Ýmsar leiðir eru mögulegar til að koma í veg fyrir þennan mun eins og kom fram í kafla 4 í V. þætti. Þær eru: (1) Einungis borgaraleg vígsla hafi réttaráhrif og hjónaefni geta síðar haft trúarlega eða félagslega athöfn með sínu fólki. (2) Að lífsskoðanafélög fái sömu réttarstöðu og trúfélög og geti þannig gefið saman hjónaefni eins og þau kjósa. (3) Aukagjaldtaka hjá sýslmannsembættunum fyrir vígslu utan skrifstofu og utan skrifstofutíma. Að mati höfundar ætti einungis borgaraleg hjónavígsla að hafa réttaráhrif. Borgalegir vígslumenn ættu einir að vera lögmatir vígslumenn en ekki þjóðkirkjuprestar né forstöðumenn annarra trúfélaga. Þangað til

Það skref verður hins vegar stigið, ef einhvern tímann, er hins vegar skoðunarinnar virði að athuga með gjaldtökuheimild fyrir vígslu utan skrifstofu og skrifstofutíma. Að mati höfundar er það einnig mikið réttlætismál að sett verði lög um lífsskoðanafélög sem veita félögum eins og Siðmennt jafnan rétt á við trúfélög.

VII. Heimildaskrá

Alþingistíðindi. Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 369, 273. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0369.html>. [Sótt á vefinn: 23.3.2010.].

Alþingistíðindi. Frumvarp til hjúskaparlaga, þskj. 40, 39. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/92/s/pdf/0040.pdf>. [Sótt á vefinn: 25.4.2010.]

Alþingistíðindi. Frumvarp til stjórnskipunarlaganna. Þskj. 389, 297. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Slóð: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html>. [Sótt á vefinn 21.4.10.]

Alþingistíðindi. Frumvarp til laga um stofnun hjónabands, þskj. 151. Alþingistíðindi. 1917, 28. löggjafarþing. A: 357-359.

Alþingistíðindi. Nefndarálit um frumvarp til laga um stofnun hjónabands. Þskj. 266. Alþt. 1917, 28. lögb. A: 419.

Alþingistíðindi. Frumvarp til laga um stofnun borgaralegs hjónabands, og uppfræðslu barna í trúarefnum, þegar eigi hvorttveggja foreldra hafa þjóðkirkjutrú. Alþingistíðindi 1877, I 605-618.

Alfredsson, Guðmundur, og Eide, Asbjörn, „Introduction“, Í Guðmundur Alfredsson og Asbjörn Eide (ritstj.). *The Universal Declaration of Human Rights. A Common Standard of Achievement*. Holland, 1999. Bls. xxv-xxxv.

Antokolskaia, Maria V., „The New Aspects of Russian Family Law“. *California Western International Law Journal*. Haust 2000. Bls. 23-38.

Ármann Snævarr, *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík 2008.

Ármann Snævarr, „Um borgaralegt hjónaband“. Í Eggert Óskarsson o.fl.(ritstj)., *Afmælisrit helgað Guðmundi Ingva Sigurðssyni áttæður 16. júní 2002*. Seltjarnarnes 2002. Bls. 259-270.

Ármann Snævarr. „Fjölskylda og fjölskyldulíf í ljósi 8. og 12. gr. mannréttindasáttmála Evrópu“. Í Katrín Jónasdóttir o.fl. (ritstj.), *Afmælisrit Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1944*. Reykjavík 1994. Bls. 49-82.

Ármann Snævarr, „Hjúskaparstofnun og hjónavígsla“. Í Ármann Snævarr o.fl. (ritstj.), *Afmælisit Gunnar G. Schram sjötugum 20. febrúar 2001*. Reykjavík 2002. Bls. 27-55.

Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*. Reykjavík 1988.

Björg Thorarensen, „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“. Í Björg Thorarensen (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík, 2005. Bls. 286-341.

Björg Thorarensen og Pétur Leifsson. *Kaflar úr þjóðarétti. Handrit til kennslu*. Reykjavík 2005.

Cretney, S.M. og Masson, J.M., *Principles of Family Law, sixth edition*. London 1997.

Davíð Þór Björgvinsson, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. Í Björg Thorarensen (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík, 2005. Bls. 29-88.

Davíð Þór Björgvinsson, „Beiting Hæstaréttar Íslands á lögnum um Mannréttindasáttmála Evrópu“. *Tímarit lögfræðinga 2003* (4), bls. 345-371.

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*. Reykjavík 2008.

Eriksson, Maja Kirilova, *The Right to Marry and to Found a Family*. Uppsala 1990.

Gunnar G. Schram. *Stjórnskipunarréttur. 2. útg.* Reykjavík 1999.

Lagoutee, Stéphanie, og Árnason, Ágúst Thór, „Article 16“, Í Guðmundur Alfredsson og Asbjörn Eide (ritstj.), *The Universal Declaration of Human Rights. A Common Standard of Achievement*. Holland, 1999. Bls. 325-358.

Lára V. Júlíusdóttir, *Hjúskapur. Stofnun og slit. Réttindi og skyldur. Bráðabirgðaútgáfa til kennslu*. Reykjavík 2001.

Páll Hreinsson, „Litróf jafnræðisreglna“, Í Ármann Snævarr (ritstj.), *Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum 20. febrúar 2001*. Reykjavík 2001, bls. 339-366.;

Páll Hreinsson, *Hæfisreglur stjórnarsýslulaga*. Reykjavík 2005.

Páll Hreinsson, *Stjórnarsýslulögin. Skýringarrit*. Reykjavík 1994.

Sigurður Líndal. *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – réttarheimildir*. Reykjavík 2007.

Wardle, Lynn D., „The "Withering Away" of Marriage: Some Lessons from the Bolshevik Family Law Reforms in Russia, 1917-1926“. *The Georgetown Journal of Law & Public Policy*. Sumar, 2004. Bls. 469-521.

Vefsíða Human-Etisk Forbund, http://www.human.no/templates/Page_2079.aspx. [Sótt 25.4.2010.]

Vefsíða Siðmenntar, <http://sidmennt.is/trufrelsi/jafnretti-lifsskodanafelaga/>. [Sótt 25.4.2010.]

Vefsíða Siðmenntar, <http://sidmennt.is/veraldlegar-athafnir/gifting/>. [Sótt 21.4.10.]

Vefsíða Legifrance, <http://195.83.177.9/code/liste.phtml?lang=uk&c=22&r=261>. [Sótt 21.4.10.]

Vefsíða dóms- og mannréttindaráðuneytisins, <http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/kirkjumal/upplýsingar//nr/795>. [Sótt á vefinn: 25.4.2010.]

Samtal höfundar við sr. Ólaf Jóhannsson, 24.3.2010.

Samtal höfundar við Þorvald Karl Helgason, 25.3.2010.

Alfræðiorðabók Britannica: <http://www.search.eb.com/eb/article-280832>. [Sótt 26.4.2010.]

Bjarni Jónsson. Erindi Siðmenntar á ráðstefnu stjórnarskrárnefndar í júní 2005. Aðgengileg á [www. sidmennt.is](http://www.sidmennt.is).

VIII. Dómaskrá

Álit Umboðsmanns Alþingis nr. 1771/1996.

Dómur Hæstaréttar nr. 159/1968.

Dómur Hæstaréttar nr. 33/1967.

Dómur Hæstaréttar nr. 64/1999.

Ákvörðun Mannréttindanefndar Evrópu frá 18. desember 1974 í máli nr. 6167/73.

Ákvörðun Mannréttindanefndar Evrópu frá 9. október 1989 í máli nr. 14753/89.

Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 11. júlí 2002. RJD 2002-VI.

Viðauki 1

18. febrúar 2010

Könnun um framkvæmd borgaralegrar vígslu.

Spurning 1. Hvenær getur borgaraleg gifting farið fram hjá ykkar embætti (tími dags og vikudagar)?

Spurning 2 og 3. Hvar getur hjónavígsla farið fram?

Spurning 4: Fær embættið margar fyrirspurnir eða óskir um vígslu utan skrifstofu og utan skrifstofutíma?

Spurning 5: Hve margir geta verið viðstaddir vígslu sem haldin er á skrifstofu embættisins?

Spurning 6: Hefur framkvæmd borgaralegrar hjónavígslu við þitt embætti breyst vegna niðurskurðar í kjölfar bankahruns?

Spurning 7: Mega hjónaefni skreyta salinn, hafa tónlistaratriði eða fá annan ræðumann en sýslumann/löglærðan fulltrúa?

Spurning 8: Ef hjónaefni óska eftir, bætir sýslumaður þá við staðlaða vígslutextann ljóðum, heitum eða annarslags hátíðlegri ræðu?